



SÓKNARÁÆTLANIR LANDSHLUTA

GREINARGERÐ UM FRAMVINDU SAMNINGA OG
RÁÐSTÖFUN FJÁRMUNA 2020

STÝRIHÓPUR STJÓRNARRÁÐSINS UM BYGGÐAMÁL

SEPTEMBER 2021



Stýrihópur Stjórnarráðsins um byggðamál: Sóknaráætlanir landshluta.
Greinargerð um framvindu samninga og ráðstöfun fjármuna 2020.

September 2021

Útgefandi: Byggðastofnun

Sauðármýri 2

550 Sauðárkrókur

Netfang: postur@byggdastofnun.is

Veffang: www.byggdastofnun.is

Ábyrgð: Sigríður K. Þorgrímsdóttir

ISBN 978-9935-518-07-1

© 2021 Byggðastofnun

EFNISYFIRLIT

Samantekt	1
Sókn eða vörn?.....	2
1. kafli Sóknaráætlanir landshluta	4
2. kafli Fjárframlög til samninga	5
3. kafli Samráðsvettvangar landshluta.....	8
4. kafli Áhersluverkefni landshluta.....	10
5. kafli Uppbyggingarsjóðir landshluta.....	13
Nokkur áhersluverkefni og verkefni styrkt úr uppbyggingarsjóðum.....	17
Lokaorð	26

TÖFLUR

Tafla 1. Heildarfjárhæð til sóknaráætlanasamninga	6
Tafla 1a. Samanburður heildarfjárframlaga árin 2019 og 2020	6
Tafla 2. Ráðstöfun fjárframlaga	6
Tafla 2a. Samanburður á ráðstöfun fjárframlaga árin 2019 og 2020	7
Tafla 3. Skipan fulltrúa í samráðsvettvöngum	8
Tafla 4. Áhersluverkefni landshluta.....	10
Tafla 5. Upplýsingar um umsóknir / styrki	13
Tafla 5a. Samanburður upplýsinga um umsóknir / styrki árin 2019 og 2020	14
Tafla 6. Kyn umsækjenda / styrkhafa	14
Tafla 8. Atvinnugreinaflokkun umsókna	15
Tafla 9. Atvinnugreinaflokkun styrkja	16

VIÐAUKAR

Viðauki 1 Landshlutasamtök sveitarfélaga.....	27
Viðauki 2 Áhersluverkefni árið 2018.....	28
Viðauki 3 Landshlutaskipting sóknaráætlana	31
Viðauki 4 Merki sóknaráætlana landshluta	32

Í þessari greinargerð stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál er gerð grein fyrir ráðstöfun fjárframlaga til sóknaráætlunarsamninga og framkvæmd þeirra árið 2020. Auk þess er gerður samanburður milli ára 2019 og 2020, sem og samanburður milli landshluta. Upplýsingar í greinargerðinni byggjast að mestu á árlegum greinargerðum landshlutasamtaka sveitarfélaga til stýrihópsins. Starfsfólki landshlutasamtakanna eru færðar bestu þakkir fyrir upplýsingarnar.

STÝRIHÓPUR STJÓRNARRÁÐSINS UM BYGGÐAMÁL ÁRIÐ 2020

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti

Hólmfríður Sveinsdóttir, formaður

Árni Freyr Stefánsson

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti

Anna Katrín Einarsdóttir

Bryndís Eiríksdóttir

Dómsmálaráðuneyti

Guðmundur Bjarni Ragnarsson

Fjármála- og efnahagsráðuneyti

Anna Borgþórsdóttir Olsen

Forsætisráðuneyti

Pétur Berg Matthíasson

Mennta- og menningarmálaráðuneyti

Baldur Þórir Guðmundsson

Þórarinn V. Sólmundarson

Umhverfis- og auðlindaráðuneyti

Björn Helgi Barkarson

Utanríkisráðuneyti

Hrund Hafsteinsdóttir

Heilbrigðisráðuneyti

Bryndís Þorvaldsdóttir

Félagsmálaráðuneyti

Þór Þórarinsson

Samband íslenskra sveitarfélaga

Karl Björnsson

ÁHEYRNARFULLTRÚAR

Byggðastofnun

Reinhard Reynisson

Landshlutasamtök sveitarfélaga

Bjarni Guðmundsson

Sigríður Ó. Kristjánsdóttir tók sæti Bjarna í október

VERKEFNISSTJÓRI

Sigríður K. Þorgrímsdóttir, Byggðastofnun

SAMANTEKT

Sóknaráætlanir landshluta eru þróunaráætlanir sem byggja á samstöðu í hverjum og einum landshluta um framtíðarsýn, markmið og val á leiðum til að áætlunin nái fram að ganga. Markmið sóknaráætlana er að ráðstafa fjármunum sem varið er til verkefna í einstökum landshlutum á sviði samfélags- og byggðamála, samkvæmt svæðisbundnum áherslum í sóknaráætlun landshlutans.

Fyrstu sóknaráætlanasamningarnir voru gerðir árið 2013. Árið 2015 voru undirritaðir samningar sem náðu til fimm ára, 2015-2019. Nýir fimm ára samningar voru undirritaðir í nóvember 2019 af samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, mennta- og menningarmálaráðherra og forsvarsmönnum landshlutasamtaka sveitarfélaga og gilda út árið 2024.

Markmið með samningum um sóknaráætlanir er að stuðla að jákvæðri samfélagsþróun í takt við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun, treysta stöðir menningarlífs og auka samkeppnishæfni hvers landshluta og þar með landsins alls. Jafnframt er það markmið að einfalda samskipti ríkis og sveitarfélaga og tryggja gagnsæi við úthlutun og umsýslu þeirra opinberu fjármuna sem til þeirra er varið. Heildarfjármunir til sóknaráætlana árið 2020 voru tæpir 1,6 milljarðar króna og stærstur hluti þeirra fjármuna komu frá ríkinu.

Með sóknaráætlunum er fé veitt til tveggja þátta, áhersluverkefna og uppbyggingarsjóða. Áhersluverkefni hafa beina skírskotun til sóknaráætlunar og áherslna samráðsvettvangs landshlutans. Uppbyggingarsjóðirnir hafa það hlutverk að styrkja verkefni sem falla að sóknaráætlunum landshlutanna. Á árinu 2020 var unnið að samtals 60 áhersluverkefnum og nam framlag til þeirra tæpum 564,4 milljónum króna. Alls hlutu 614 verkefni styrki úr uppbyggingarsjóðunum, samtals að fjárhæð rúmum 444 milljónum króna.

Stýrihópur Stjórnarráðsins um byggðamál er skipaður fulltrúum frá öllum ráðuneytum og Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Byggðastofnun og landshlutasamtök sveitarfélaga eiga áheyrnarfulltrúa. Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra skipaði nýjan stýrihóp í júní 2018 til þriggja ára. Hlutverk stýrihópsins er að efla samhæfingu innan Stjórnarráðsins í málefnum sem snúa að byggðamálum og tryggja virkt samráð við sveitarstjórnarstigið í þessum málaflokki.

SÓKN EÐA VÖRN?

Við búum í stóru og dreifbýlu landi þar sem búsetuskilyrði eru með fjölbreyttum hætti. Líkt og víða um heim hefur þróunin verið sú að fólk safnast saman á þéttbýlli svæði. Hér á Íslandi hefur þessi þróun skapað nokkuð ójafnvægi í byggð og nánast öll miðlæg þjónusta safnast á suðvesturhorn landsins. Til að jafna þann aðstöðumun hefur í gegnum tíðina verið gripið til margra og misvel heppnaðra aðgerða í byggðamálum.

Sóknaráætlanir landshlutanna eru ein þeirra aðgerða sem líklega getur talist til þeirra sem eru nokkuð vel heppnaðar. Sú grunnhugmynd að landshlutasamtök sveitarfélaga stofni til samráðsvettvangs fulltrúa úr landshlutanum, stilli upp áætlun sem setur fram sýn og markmið sem draga fram sérstöðu svæðanna og styður við ákvarðanir um úthlutun fjármagns og verkefni sem unnin eru undir merkjum sóknaráætlana.

Verkefni landshlutasamtaka sveitarfélaga eru afar fjölbreytt og blæbrigðamunur á starfsemi þeirra á milli landshluta. Hlutverk þeirra eru þó í grunnin lík og felast í margþættri hagsmunagæslu og þróun landshlutanna. Umsýsla sóknaráætlana eru í raun eina verkefnið sem þeim eru falin með lögum (lög um byggðáætlun og sóknaráætlanir 69/2015). Sú umsýsla hefur verið í stöðugri þróun og nú er svo komið að nokkuð góð samfella er í starfi landshlutasamtaka varðandi úthlutun styrkja úr uppbyggingarsjóðum landshlutanna, ráðstöfun í áhersluverkefni og vinna með samráðsvettvangi sóknaráætlana.

Þó fjármunir til sóknaráætlana séu ekki miklir í grunninn, er þó um að ræða fjármuni sem landshlutarnir sjálfir hafa til umráða til að koma af stað verkefnum sem annars er ólíklegt að hægt hefði verið að koma í farveg. Áhersluverkefni landshluta endurspeglar áherslur í sóknaráætlunum og hafa verið af mörgum toga og snerta í raun flesta þætti samfélags og atvinnulífs og horft til eflingar/sóknar landshlutans.

Telja verður það stílbrot að komið hafa fram óskir bæði frá sveitarfélögum og ríki um fjármögnun verkefna úr sóknaráætlun, sem í raun má telja fremur til varnar en sóknar. Hugmyndir hafa komið fram um að hluti af fjármögnun aðgerða sem lúta að enduruppbyggingu vegna náttúruhamfara komi úr sóknaráætlunum svæða sem hlýtur að teljast vörn fremur en sókn.

Stuðningur við menningu utan höfuðborgarsvæðis er annar mikilvægur þáttur sóknaráætlana. Staðan í dag er að sá stuðningur fer nánast eingöngu fram í gegnum stuðning uppbyggingarsjóða en áður veitti Alþingi sem og ráðuneytið margvíslega styrki til menningarstarfsemi á landsbyggðinni.

Nú er staðan sú að fjármunir til menningarverkefna hafa staðið í stað í langan tíma og fjármunir til stofn- og rekstrarstyrkja í menningarstarfsemi hafa nánast horfið nema stuðningur sóknaráætlana og ekkert komið í þeirra stað. Vandséð er hvernig menningarstarf utan höfuðborgarsvæðisins á að þróast þrátt fyrir markmið um „listir um allt land“ sem eru helsta markmið sem sett er fram í drögum að nýrri Menningarstefnu fyrir Ísland 2021-2030 sem birt var sem drög í samráðsgátt í mars s.l. Rekstur menningarhúsa, safna og sýninga er víðast hvar þungur og til fárra sjóða að sækja til reksturs og til viðbótar koma nú áhrif heimsfaraldurs kórónuveiru.

Atvinnuþróun og nýsköpun eru lykilþættir allra sóknaráætlana landshlutanna og áhersluverkefni á flestum svæðum miða að eflingu þessara þátta. Lítil sem engin tenging er þó við atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið um þessa þætti og ekkert fjármagn kemur til sóknaráætlana þaðan.

Við gerð nýrra sóknaráætlana landshluta kom fram mikill vilji til að sett væru markmið tengd umhverfismálum. Í flestum sóknaráætlunum eru sérstakur kafli um loftlagsmál sem er eðlilegt og sjálfsagt í ljósi aukinnar áherslu um allan heim á umhverfis- og loftlagsmál. Erfitt hefur reynst að fjármagna verkefni á sviði umhverfismála þótt nokkrir landshlutar hafi skilgreint slík áhersluverkefni. Ekkert fjármagn er sett af umhverfis- og auðlindaráðuneyti til verkefna sóknaráætlana landshluta.

Staðan í dag er því sú að aðeins tvö ráðuneyti leggja fjármuni til sóknaráætlana en það eru samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti og mennta- og menningarmálaráðuneyti. Óskað hefur verið eftir aðkomu annarra ráðuneyta að fjármögnun sóknaráætlana en af því hefur enn ekki orðið.

Skortur á aðkomu ráðuneyta annarra en þeirra tveggja sem lagt hafa fjármuni til sóknaráætlana gerir að verkum að hætta er á að tengsl annarra ráðuneyta við verkefnið verði lítil sem engin. Sóknaráætlanir eru þó kjörinn vettvangur til samstarfs landshluta og ráðuneyta til að tryggja að aðgerðir stærri áætlana nái fram að ganga um allt land.

Staða sóknaráætlana gagnvart öðrum byggðaaðgerðum hefur einnig verið nokkuð óljós og tenging þeirra við byggðaaætlun þar jafnframt. En í raun ætti byggðaaætlun að teljast nokkurs konar „yfiráætlun“ byggðamála í landinu og eitt af tækjum til að útfæra aðgerðir byggðaaætlunar eru sóknaráætlanir landshluta sem taka til þátta á sviði atvinnulífs, nýsköpunar, menningar, umhverfis og samfélags á hverju svæði. Annað tæki er atvinnuráðgjöfin sem skapar grundvöll til útfærslu og stuðnings verkefna einstaklinga og fyrirtækja. Það verður að telja að brýn nauðsyn sé á að tilgreina sóknaráætlanir sem hluta af í byggðaaætlun og þar í gegn gætu fleiri ráðuneyti tengst sóknaráætlunum með fjármagni til verkefna og skapað þar meiri samfellu í byggðaaðgerðum.

Skrifað á Ísafirði 23. júní 2021,

Sigríður Ólöf Kristjánsdóttir, framkvæmdastjóri Vestfjarðastofu

1. KAFLI SÓKNARÁETLANIR LANDSHLUTA

Með lögum nr. 69/2015, um byggðaaætlun og sóknaráætlanir, var verklag og hugmyndafræði sóknaráætlana landshluta fest í sessi. Lögin fela landshlutasamtökum sveitarfélaga að vinna sóknaráætlanir á sínu svæði og bera ábyrgð á framkvæmd þeirra. Þau tengja saman byggðaaætlun fyrir landið allt og sóknaráætlanir hvers landshluta og kveða á um tilvist og hlutverk stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál.

Aðferðafræði sóknaráætlana hefur frá upphafi byggst á miklu samstarfi þeirra sem að koma. Sóknaráætlanir eru sameiginlegt verkefni ráðuneyta og sveitarfélaga með það að markmiði að færa aukin völd og ábyrgð til landshlutanna á forgangsröðun og ráðstöfun fjármuna frá ríkisvaldinu til verkefna á sviði byggðamála og samfélagsþróunar sem ekki eru falin öðrum með lögum. Tilgangurinn er að tryggja sem besta nýtingu fjármuna og færa ákvarðanatöku nær heimamönnum sem þekkja best til aðstæðna á sínum svæðum. Í tvígang hafa verið gerðar óháðar úttektir á framkvæmd sóknaráætlana landshluta. Fyrri úttektin var gerð árið 2014¹ og sú síðari árið 2019.²

Starf stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál tekur mið af þeirri skilgreiningu að byggðamál séu „öll þau viðfangsefni sem hafa áhrif á lífsgæði og samkeppnishæfni landshluta, s.s. búsetu, atvinnu og nýsköpun. Þau snúa að eflingu samfélaga, félagsauðs, atvinnulífs, menntunar, menningar, velferðarmála, samgangna og fjarskipta“.³ Byggðamál eru viðfangsefni allra ráðuneyta og ná til landsins alls. Verkefni stýrihópsins eru meðal annars að vera ríkisstjórn til ráðgjafar í byggðamálum, að auka samráð ráðuneyta á sviði byggðamála og samhæfa byggðamál að annarri stefnumótun og áætlanagerð hins opinbera.

Við skiptingu fjármuna til sóknaráætlana landshluta er notað reiknilíkan þar sem tekið er tillit til ýmissa þátta eins og t.d. íbúáþróunar. Samningurinn við höfuðborgarsvæðið er frábrugðinn samningunum við aðra landshluta þar sem eingöngu er veitt fjármagn til framkvæmdar áhersluverkefna en ekki til uppbyggingarsjóðs.

Samkvæmt samningum um sóknaráætlanir landshluta renna framlög ríkisins annars vegar til áhersluverkefna og hins vegar til uppbyggingarsjóða. Hver landshluti ákveður skiptingu fjárins á sínu svæði. Þá er heimilt að nýta tiltekna upphæð í umsýslu. Uppbyggingarsjóðir eru samkeppnissjóðir þar sem gerð er krafa um 50% mótframlag og sérstök úthlutunarnefnd, skipuð af landshlutasamtökum hvers svæðis, fer fyrir hverjum sjóði. Áhersluverkefni eru samningsbundin verkefni sem hafa beina skírskotun til sóknaráætlunar landshlutans og áherslna samráðsvettvangs og þar er ekki gerð krafa um mótframlag. Áhersluverkefnin skulu samþykkt af stjórn landshlutasamtakanna og staðfest af stýrihópi Stjórnarráðsins um byggðamál.

¹ www.stjornarradid.is/media/atvinnuvegaraduneyti-media/media/acrobat/skyrsla_mat-a-framkvaemd-soknaraetlana_evris050914.pdf

² www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=4ca231b1-765b-11e9-943c-005056bc530c

³ Þessa skilgreiningu á byggðamálum má meðal annars finna í samþykkt ríkisstjórnarinnar um umboð stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál frá 19. maí 2016 og í erindisbréfi hópsins, dags. 25. maí 2018.

2. KAFLI FJÁRFRAMLÖG TIL SAMNINGA

Skipting fjármuna til sóknaráætlana milli landshluta fer eftir reiknilíkani sem stýrihópurinn leggur til og staðfest eru af ríkisstjórn. Frá árinu 2015 hafa viðmiðin verið byggð á sex breytum sem eru íbúafjöldi, stærð og fjöldi vinnusóknarsvæða, atvinnuleysi, íbúaþróun, meðalútsvarsstofn svæðis og fjarlægð frá höfuðborg.

Fjárframlög árið 2020 til sóknaráætlanasamninganna átta námu rúmunum 1.583 m.kr. Grunnframlög ríkisins, alls 716,1 m.kr.⁴, koma annars vegar frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, 492,5 m.kr. og hins vegar frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu, 223,6 m.kr. Til viðbótar við grunnframlagið lagði ríkið tæpar 529 m.kr. til sjö landshluta með viðaukasamningum, sem er hækkun um 376,5 m.kr. frá árinu á undan. Skýringanna er fyrst og fremst að leita í viðbótarframlagi ríkisins vegna Covid-19 á árinu 2020, en þau eru talin hér fram með viðaukasamningum, alls að fjárhæð 450 m.kr. og þar af runnu 250 m.kr. til Suðurnesja. Árið 2020 voru veittir styrkir af byggðaáætlun til landshlutasamtakanna vegna sértækra verkefna sóknaráætlanasvæða, aðgerð C1, að fjárhæð 78,9 m.kr. til níu verkefna í fimm landshlutum. Samningar um styrkina eru viðaukasamningar við sóknaráætlanir landshluta. Á árinu voru í gildi viðaukasamningar fyrir alla landshluta utan höfuðborgarsvæðisins.

Heildarfjárframlög sveitarfélaga voru rúmar 98,1 m.kr. og eiga þau að mestu rætur að rekja til menningarsamninga sem voru í gildi til ársins 2014. Heimilt er að semja um framlög annarra⁵ til samninganna og var það gert á Vestfjörðum, samtals að upphæð 19,8 m.kr., á Norðurlandi eystra, að upphæð 142,5 m.kr. og á Norðurlandi vestra, 10,0 m.kr. Hátt mótframlag á Norðurlandi eystra skýrist fyrst og fremst af framlagi Landsvirkjunar, Samorku og Orkuveitu Húsavíkur í samstarfsverkefni um bættu nýtingu orkuauðlinda til aukinnar sjálfbærni.

Rúmlega 71,6 m.kr. var óráðstafað í árslok 2019 og flutt yfir á árið 2020, en stærstur hluti þeirrar fjárhæðar kom frá Suðurlandi, 56 m.kr. Tekjum og gjöldum sem tengjast sóknaráætlunum skal haldið aðskildum í bókhaldi og endurskoðuðum ársreikningum landshlutasamtaka og skulu vaxtatekjur fjármuna tilheyra samningunum og færðar í ársreikninga þeirra. Vaxtatekjur námu samtals tæpum 1,4 m.kr. Loks má geta þess að grunnframlag ríkisins er í raun 716,2 m.kr. sem fyrr getur, en þar af renna 5 m.kr. til umsóknargáttar uppbyggingarsjóðanna og sú fjárhæð er ekki sett fram í töflu 1 og 2 og fjárhæð framlaga ríkisins lægri í töflunni sem því nemur.

⁴ Inn í þessa fjárhæð eru reiknaðar 5 m.kr. frá SRN vegna umsjar sameiginlegrar umsóknargáttar uppbyggingarsjóða, en sú fjárhæð er ekki sett fram í töflu 1 og 2 og heildarfjárhæð ríkisins eins og hún er fram sett í töflunum er þá lægri sem því nemur.

⁵ Um er að ræða mótframlag frá fyrirtækjum og stofnunum.

TAFLA 1. HEILDARFJÁRHÆÐ TIL SÓKNARÁÆTLANASAMNINGA

	Vesturland	Vestfirðir	Norðurland vestra	Norðurland eystra	Austurland	Suðurland	Suðurnes	Höfuðborgar- svæðið	Samtals
Framlög ríkisins	89.801.849	97.848.443	95.729.037	118.136.428	96.606.194	103.770.777	84.207.273	25.000.000	711.100.001
Viðaukasamningar	28.400.000	25.200.000	53.500.000	29.600.000	48.200.000	66.000.000	278.000.000		528.900.000
Framlög sveitarfélaga	12.496.500	9.900.000	7.419.000	12.200.000	27.700.000	14.395.000	9.000.000	5.000.000	98.110.500
Önnur framlög	0	19.800.000	10.000.000	142.500.000	0	0			172.300.000
Flutt frá fyrra ári	0	3.100.000	5.316.500	1.891.633	2.289.755	56.025.824		2.995.933	71.619.645
Vaxtatekjur	22.086	208.392	258.405	193.394	4.051	679.821			1.366.149
Samtals:	130.720.435	156.056.835	172.222.942	304.521.455	174.800.000	240.871.422	371.207.273	32.995.933	1.583.396.295

TAFLA 1A. SAMANBURÐUR HEILDARFJÁRFRAMLAGA ÁRIN 2019 OG 2020

	2020	2019	Breyting
Framlög ríkisins	711.100.001	726.700.000	-15.599.999
Viðaukasamningar	528.900.000	152.400.000	376.500.000
Framlög sveitarfélaga	98.110.500	87.347.750	10.762.750
Önnur framlög	172.300.000	0	172.300.000
Flutt frá fyrra ári	71.619.645	67.497.851	4.121.794
Vaxtatekjur	1.366.149	5.763.524	-4.397.375
Samtals	1.583.396.295	1.039.709.125	543.687.170

Tafla 1A sýnir að heildarráðstöfunartekjur samninganna átta hækkuðu samtals um tæpar 543,7 m.kr., fóru úr rúmum 1.039 m.kr. í rúmar 1.584 m.kr. Munar þar annars vegar mest um viðaukasamningana sem hækkuðu um 376,5 m.kr. milli ára, vegna Covid-19 og viðbótarframlag til Suðurnesja um 250 m.kr. og „önnur framlög“ sem fóru úr 0 kr. í 172,3 m.kr. Grunnframlag ríkisins lækkaði hins vegar um tæpar 15,6 m.kr. milli ára. Framlög sveitarfélaga hækkuðu um rúmar 10,7 m.kr. og er skýringuna að rekja til sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, en framlög þeirra til samningsins voru 5 m.kr. árið 2020 en ekkert árið áður, hækkanir í öðrum landshlutum voru jafnari heilt yfir. Fjárhæðin sem flutt var milli ára hækkar um rúmar 4,1 m.kr.

Hverjum landshluta er í sjálfsvald sett hvernig framlögum til sóknaráætlana er varið. Hámark er sett á umsýslukostnað. Þetta á ekki við um höfuðborgarsvæðið þar sem öll fjárhæðin rennur til áherslurvefna.

TAFLA 2. RÁÐSTÖFUN FJÁRFRAMLAGA

	Vesturland	Vestfirðir	Norðurland vestra	Norðurland eystra	Austurland	Suðurland	Suðurnes	Höfuðborgar- svæðið	Samtals
Áherslurvefni	44.861.836	40.900.000	64.067.600	172.300.000	70.600.000	117.000.000	36.207.273	18.439.179	564.375.888
Uppbyggingarsjóður	53.460.000	42.600.000	65.232.500	60.450.000	49.900.000	79.510.000	45.000.000		396.152.500
Stofn- og rekstrarstyrkir	6.450.000	18.000.000		15.550.000	7.900.000	0	0		47.900.000
Viðaukasamningar	0	45.000.000	27.500.000	42.100.000	36.400.000	30.000.000	278.000.000		459.000.000
Umsýsla	12.000.000	9.556.835	12.000.000	12.000.000	10.000.000	12.000.000	12.000.000	14.556.754	94.113.589
Óráðstafað 31.12.2020	13.948.599	0	3.422.842	2.121.455	0	2.361.422	0	0	21.854.318
Samtals:	130.720.435	156.056.835	172.222.942	304.521.455	174.800.000	240.871.422	371.207.273	32.995.933	1.583.396.295

Tafla 2 sýnir hvernig fjármunirnir sem voru til ráðstöfunar á árinu skiptust milli landshluta. Af heildarupphæðinni, 1.583,4 m.kr., runnu tæpar 564,4 m.kr. til

áhersluverkefna og tæpar 396,2 m.kr. til uppbyggingarsjóða, auk þess sem fjórir landshlutar settu sérstök framlög í stofn- og rekstrarverkefni, samtals 47,9 m.kr. í gegnum sína uppbyggingarsjóði. Landshlutum er í sjálfsvald sett hvort þeir skilgreina slík verkefni sérstaklega en þau eiga rætur að rekja til gömlu menningarsamninganna og eru verkefnin því öll menningartengd. Samningarnir við Vestfirði, Norðurland vestra, Norðurland eystra, Austurland, Suðurland og Suðurnes fela í sér viðauka að upphæð samtals 201,6 m.kr. Samkvæmt samningunum er hámark sett á umsýslu, á bilinu 9-12 m.kr. eftir heildarupphæð hvers samnings. Allir landshlutarnir nýttu þá upphæð en alls var rúmum 94,1 m.kr. varið í umsýslu árið 2020. Ekki er heimild fyrir umsýslukostnaði í framlagi til höfuðborgarsvæðisins.

TAFLA 2A. SAMANBURÐUR Á RÁÐSTÖFUN FJÁRFRAMLAGA ÁRIN 2019 OG 2020

	2020	2019	Breyting
Áhersluverkefni	564.375.888	331.899.998	232.475.890
Uppbyggingarsjóður	396.152.500	403.447.390	-7.294.890
Stofn- og rekstrarstyrkir	47.900.000	60.513.000	-12.613.000
Viðaukasamningar	459.000.000	161.900.000	297.100.000
Umsýsla	94.113.589	54.030.000	40.083.589
Óráðstafað 2020	21.854.318	27.918.737	-6.064.419
Samtals	1.583.396.295	1.039.709.125	543.687.170

Hækkun fjármagns milli ára skýrist að mestu með hækkun framlaga til áhersluverkefna en framlög til þeirra hækkuðu samtals um tæpar 232,5 m.kr., sem er mikil breyting frá 2018-2019, þegar sama framlag lækkaði um tæpar 21,7 m.kr. milli ára. Framlög til uppbyggingarsjóða lækkuðu um tæpar 7,3 m.kr., sem er talsvert minni lækkun en milli árána 2018-2019, sem voru tæpar 34,2 m.kr. Framlög til stofn- og rekstrarstyrkja lækkuðu um rúmar 12,6 m.kr. en hækkuðu um um tæpar 1,4 m.kr. milli árána 2018 og 2019. Þá hækkar liðurinn viðaukasamningar um hartnær 300 m.kr. milli ára eins og þegar hefur verið skýrt. Óráðstafað fjármagn sem flyst á milli ára lækkaði um rúmar 6 m.kr., en er engu að síður tæplega 22 m.kr. og þar af er tæpum 12 m.kr. óráðstafað í árslok á Vesturlandi. Stýrihópur Stjórnarráðsins um byggðamál leggur mikla áherslu á að fjármunir til samninganna séu nýttir innan ársins og þessi niðurstaða er því ekki í samræmi við þá áherslu, þó svo miði í rétta átt.

3. KAFLI SAMRÁÐSVETTANGAR LANDSHLUTA

Í samningum um sóknaráætlanir landshluta og í lögum um byggðáætlun og sóknaráætlanir er kveðið á um að sóknaráætlanir skuli unnar í samvinnu við samráðsvettvang viðkomandi landshluta. Um er að ræða samstarfsvettvang sveitarfélaga, ríkisstofnana, atvinnulífs, menningarlífs, fræðasamfélags og annarra haghafa í hverjum landshluta. Landshlutasamtök sveitarfélaga skipa samráðsvettvang í hverjum landshluta og gæta þar lýðræðis-, búsetu-, aldurs- og kynjasjónarmiða. Landshlutasamtökin skilgreina hlutverk og verkefni samráðsvettvangsins og skal hann hafa beina aðkomu að gerð sóknaráætlunarinnar og vera upplýstur um framgang hennar. Í samningunum er kveðið á um að samráðsvettvangur skuli koma saman að minnsta kosti árlega og ræða framgang sóknaráætlunar. Í töflu 3 má sjá upplýsingar um fulltrúa í samráðsvettvangi hvers landshluta. Enginn samráðsvettvangur var starfræktur á Norðurlandi eystra á árinu 2020, en miklar breytingar urðu á starfsemi SSNE við sameiningu Eyþings og Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga. Verið er að skipa nýjan samráðsvettvang á starfsvæðinu.

TAFLA 3. SKIPAN FULLTRÚA Í SAMRÁÐSVETTVÖNGUM

	Vesturland	Vestfirðir	Norðurland vestra	Norðurland eystra	Austurland	Suðurland	Suðurnes	Höfuðborgar- svæðið	Samtals
Atvinnulífið	5	5	32		18	17	6	9	92
Félagasamtök	2	0	5		5	4	2	8	26
Fræðasamfélag	5	8	13		4	3	5	5	43
Kjörnir fulltrúar	12	13	15		10	44	12	41	147
Menningarlífið	2	5	10		10	2	2	2	33
Opinberar stofnanir	4		13		18	26	5	7	73
Annað (óflokkað)	0	0	9		1	9	1		20
Samtals:	30	31	97	0	66	105	33	72	434

	Vesturland	Vestfirðir	Norðurland vestra	Norðurland eystra	Austurland	Suðurland	Suðurnes	Höfuðborgar- svæðið	Samtals
<25 ára	1	0	4		1	10	2	1	19
25-39 ára	7	10	26		10	20	4	7	84
40-60 ára	15	20	48		46	54	22	49	254
>60 ára	7	1	19		9	21	5	15	77
Samtals:	30	31	97	0	66	105	33	72	434

	Vesturland	Vestfirðir	Norðurland vestra	Norðurland eystra	Austurland	Suðurland	Suðurnes	Höfuðborgar- svæðið	Samtals
Karlar	14	10	49		32	50	20	41	216
Konur	16	21	48		34	55	13	31	218
% hlutfall kvk	53,3%	67,7%	49,5%		51,5%	52,4%	39,4%	43,1%	50,2%
Samtals:	30	31	97	0	66	105	33	72	434

Tafla 3 er þrískipt og sýnir atvinnu, aldur og kyn fulltrúa í hverjum samráðsvettvangi, samtals 434 fulltrúar í öllum sjö landshlutunum og er það fjölgun um 86 fulltrúa frá árinu 2019 þrátt fyrir að á Norðurlandi eystra var ekki starfandi samstarfsvettvangur. Verið er að stofna hann á ný. Fjölgun fulltrúa er fyrst og fremst á Norðurlandi vestra (fjölgar um 65) og á höfuðborgarsvæðinu (fjölgar um 41). Í öðrum landshlutum stendur fjöldinn í stað eða fjölgar lítillega.

Fyrsti hluti töflunnar sýnir flokkun eftir atvinnu. Kjörnir fulltrúar, þ.e. aðal- eða varamenn í sveitarstjórnnum, eru alls 147 (33,9%). Af 434 fulltrúum eru 92 úr atvinnulífinu, 73 fulltrúar koma frá opinberum stofnunum, 43 fulltrúar koma úr

fræðasamfélaginu og 33 úr menningargeiranum. Þessar upplýsingar gefa vísbendingar um bakgrunn fulltrúanna en eru ekki tæmandi þar sem vænta má að flestir geti flokkast undir fleiri en eitt svið, ekki hvað síst kjörnir fulltrúar.

Þegar litið er á aldersdreifingu er sem fyrr áhyggjuefni hve fáir koma úr yngsta aldursflokknum, 19 fulltrúar eða 4,4%. Tíu þeirra eru á Suðurlandi og fjórir á Norðurlandi vestra. Meirihluta fulltrúa er úr aldurshópnum 40-59 ára, eða 254 talsins, sem er talsverð fjölgun frá fyrri árum. Um 19,5% fulltrúa eru á aldrinum 25-39 ára og tæp 18% fulltrúa eru 60 ára eða eldri.

Kynjahlutfallið er nokkuð jafnt, eða 218 konur á móti 216 körlum. Allir landshlutar ná 40% viðmiðunarmarki jafnréttis laga,⁶ nema Suðurnes þar sem konur eru aðeins undir, eða 39,4%.

⁶ Kynjakvóti var leiddur í lög árið 2008. Í 15. gr. laga nr. 10/2008, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, en í lögunum segir: „Við skipun í nefndir, ráð og stjórnir á vegum ríkis og sveitarfélaga skal þess gætt að hlutfall kynjanna sé sem jafnast og ekki minna en 40% þegar um fleiri en þrjá fulltrúa er að ræða.“

4. KAFLI ÁHERSLUVERKEFNI LANDSHLUTA

Á árinu 2020 var unnið að samtals 60 áhersluverkefnum á landinu öllu og er þá átt við ný verkefni það ár. Áhersluverkefni eru samningsbundin verkefni sem hafa beina skírskotun til sóknaráætlunar landshlutans og áherslna samráðsvettvangs. Verkefnin geta staðið yfir í lengri eða skemmri tíma en þeim skal vera lokið fyrir árslok 2024 þegar gildistími sóknaráætlanasamninganna rennur út. Áhersluverkefnin skulu samþykkt af stjórn landshlutasamtaka sveitarfélaga og staðfest af stýrihóp Stjórnarráðsins um byggðamál.

Í töflu 4 er gerð grein fyrir nýjum áhersluverkefnum árið 2020, en ítarlegri útfærsla þeirra er í viðauka 2 aftast í greinargerðinni. Flest voru verkefnin á Suðurlandi (12) og fæst á Austurlandi (5). Samtals vörðu landshlutarnir átta tæpum 564,4 m.kr. til áhersluverkefna, auk mótframlaga heimamanna. Sú fjárhæð er talsvert hærri en heyrir til nýju verkefnanna, sem helgast m.a. af því að eldri verkefni geta verið til lengri tíma og taka þannig hluta framlagsins, en framlag til nýrra verkefna ársins 2020 voru tæpar 313,2 kr. Lægsta framlag sóknaráætlana til einstakra verkefna var 500 þús.kr. og hæsta framlagið var 19 m.kr. Meðaltalið var rúmar 5,2 m.kr. Í töflu 4 eru upplýsingar um heiti verkefnanna 60.

TAFLA 4. ÁHERSLUVERKEFNI LANDSHLUTA, NÝ VERKEFNI 2020

Vesturland
Heiti verkefnis
Nýsköpun og frumkvöðlar
Matarauður Vesturlands
Fjórdá iðnbyltingin og skólar á Vesturlandi
Efling ferðaþjónustu á Vesturlandi
Kolefnisspor Vesturlands
Blómstrandi menning á Vesturlandi
Bættar samgöngur
Samtals 7 verkefni

Vestfirðir
Heiti verkefnis
Samgöngu- og jarðgangnaáætlun Vestfjarða
Stafræn tækni
Sýnilegri Vestfirðir
Nýsköpunar- og samfélagsmiðstöðvar
Visit Westfjords
Hringvegur 2
Samtals 6 verkefni

Norðurland vestra
Heiti verkefnis
Auknar fjárfestingar á Norðurlandi vestra
Matvælasvæðið Norðurland vestra
Nýting glatvarma
Aukin nýsköpun í kennslu – FabLab

Textíll á Húnavöllum
Smávirðjanir á Norðurlandi vestra
Barnamenningarhátíð
Starfamessa
Skrifstofusetur
Stafræn borg
Samtals 10 verkefni

Norðurland eystra
Heiti verkefnis
Akureyrarflugvöllur – næsta gátt inn í landið
Borgarhlutverk Akureyrar
EIMUR
Þróun og ráðgjöf í menningarmálum
Þróun og þekking
Nýsköpun í norðri – NÍN
Samtals 6 verkefni

Austurland
Heiti verkefnis
Efling atvinnulífs á Austurlandi
Efling Egilsstaðaflugvallar
Svæðisskipulag Austurlands
Þróun þekkingarsamfélagsins á Austurlandi
Úrgangsmál Austurlands – stöðutaka
Samtals 5 verkefni

Suðurland
Heiti verkefnis
R&D – Orkufrek matvælaframleiðsla á Suðurlandi
Stuðningur við skapandi greinar á Suðurlandi
Störf án staðsetningar
Úthafs fiskeldi við Vestmannaeyjar
Hamingjulestin
Menningarverðlaun Suðurlands 2020
Menntahvöt
Matartækni á Suðurlandi
Innleiðing Heimsmarkmiða fyrir sveitarfélög á Suðurlandi
Stefnumótun í úrgangsmálum á Suðurlandi. Annar hluti
Umhverfis Suðurland
Svæðisskipulag Suðurlandshálendis
Samtals 12 verkefni

Suðurnes
Heiti verkefnis
Hreinsun strandlengjunnar
Ímynd Suðurnesja
Myndabanki fyrir Reykjanesið

Reykjanes UNESCO Global Geopark
Sjálfbærni og samvinna sveitarfélaga
Tindar Reykjanes – Okkar Reykjanes
Vöruþróun og markaðssetning fyrir skemmtiferðaskip og skiptifarþega á Reykjanesi
Heilsueflandi samfélag á Suðurnesjum
Samtals 8 verkefni

Höfuðborgarsvæðið
Heiti verkefnis
Frumdrög að loftslagsstefnu höfuðbsv.
Nýsköpunarverkefni: samstarfsverkefni með ferðaþjónustunni á höfuðbsv.
Úrgangsmál og meðhöndlun úrgangs
Forvarnir á tímum Covid-19
Stafræn þjónusta
Höfuðborgarsvæðið sem staðarvalkostur. Markaðssetning höfuðborgarsvæðisins
Samtals 6 verkefni

5. KAFLI UPPBYGGINGARSJÓÐIR LANDSHLUTA

Með samningum um sóknaráætlanir landshluta voru uppbyggingarsjóðir settir á laggirnar árið 2015 í öllum landshlutum nema á höfuðborgarsvæðinu. Sjóðirnir eru samkeppnissjóðir sem styðja verkefni í samræmi við markmið hverrar sóknaráætlunar.

Landshlutasamtök sveitarfélaga annast umsýslu sjóðanna og bera ábyrgð á þeim. Hver landshluti setur sér verklagsreglur um úthlutanir þar sem fram koma hvaða upplýsingar þurfa að liggja fyrir frá umsækjendum, hvað telst styrkhæfur kostnaður og hvaða viðmið gilda við mat verkefna.

Landshlutasamtökin skipa úthlutunarnefndir fyrir uppbyggingarsjóðina. Fjöldi nefndarmanna er á bilinu þrír til níu. Hlutverk nefndanna er að velja verkefni sem styrkt verða á grundvelli faglegs mats og skulu verkefnin falla að sóknaráætlun landshlutans. Sjóðirnir styrkja að jafnaði ekki meira en 50% af heildarkostnaði hvers verkefnis og mótframlag styrkþega að lágmarki jafn há upphæð.

Eftir að úthlutun hefur farið fram eru undirritaðir samningar við hvern styrkþega. Í samningunum er meðal annars kveðið á um að fjárstuðningur sé bundinn þeirri forsendu að verkefnið og framvinda sé í samræmi við umsókn eða endurskoðaða áætlun ef styrkur er lægri en óskað var eftir. Þá er kveðið á um greiðslur og fer það eftir upphæð styrks og samkomulagi við styrkhafa hvernig þeim er háttáð.

Útgreiðsla styrkja er mismunandi milli landshluta en algengast er að styrkþegi fái greitt tiltekið hlutfall við undirritun samnings og síðan eftir framvindu. Úthlutanir voru í öllum tilvikum vel auglýstar og buðu landshlutasamtökin umsækjendum upp á aðstoð við umsóknir, meðal annars með viðtalstímum, vinnustofum og fundum. Úthlutað var einu sinni til tvisvar á árinu 2020. Í töflu 5 má sjá upplýsingar um umsóknir annars vegar og styrki hins vegar, fjölda og upphæðir.

TAFLA 5. UPPLÝSINGAR UM UMSÓKNIR / STYRKI

Umsóknir								
Fjöldi umsókna	166	129	113	158	126	317	65	1.074
Heildarfjárhæð sem sótt er um	225.030.906	322.900.862	172.759.218	342.596.776	204.534.225	437.057.068	167.250.758	1.872.129.813
Meðalfjárhæð umsókna	1.355.608	2.503.107	1.528.843	2.168.334	1.623.288	1.378.729	2.573.089	1.743.138
Veittir styrkir								
Fjöldi styrkja	117	65	76	82	60	175	39	614
Árangurshlutfall umsókna	70%	50%	67%	52%	48%	55%	60%	57%
Heildarupphæð styrkja	59.910.000	60.600.000	65.232.500	76.000.000	57.800.000	79.510.000	45.000.000	444.052.500
Meðalfjárhæð styrkja	512.051	932.308	858.322	926.829	963.333	454.343	1.153.846	723.213
Fjöldi undir 500 þús.	85	35	42	27	18	137	9	353
Fjöldi milli 500 þús. til 2,5 m.kr.	31	27	32	52	41	38	27	248
Fjöldi hærri en 2,5 m.kr.	1	3	2	3	1	0	3	13

Tafla 5 sýnir að samtals bárust 1.074 umsóknir til uppbyggingarsjóðanna sjö og fjöldi styrkja var alls 614, sem er 57% árangurshlutfall. Á Suðurlandi bárust flestar umsóknir (317) og flestir styrkirnir voru veittir þar (175). Á Suðurnesjum voru fæstar umsóknir (65) og fæstir styrkir (39). Meðalfjárhæð umsókna er hæst á Suðurnesjum, rúmlega 2,5 m.kr. sem er eilítið herra en á Vestfjörðum, og lægst á Vesturlandi, rúmlega 1,3 m.kr. sem er örlítið lægra en á Suðurlandi. Árangurshlutfall umsókna var hæst á Vesturlandi, eða 70%, en lægst á

Austurlandi, eða 48%. Árangurshlutfallið sveiflast því milli 50-70% en árið 2019 var hlutfallið á bilinu 53-65%.

Alls var sótt um styrki að upphæð sem nemur tæplega 1,9 ma.kr. en veittir voru styrkir að upphæð rúmlega 444 m.kr. Uppbyggingarsjóðurinn á Suðurlandi var stærstur með tæplega 80 m.kr. en sjóðurinn á Suðurnesjum minnstur með 45 m.kr.

Í töflu 5 eru styrkirnir greindir niður í þrjá flokka eftir upphæðum. Samtals voru 353 styrkir lægri en 500 þús.kr., eða 57,5% allra styrkja sem er nokkuð hátt hlutfall miðað við undanfarin ár, en á hinn bóginn er hlutfall styrkja upp að 2,5 m.kr. lægra en áður. Flestir styrkir undir 500 þúsund, voru veittir á Suðurlandi, eða 137 af 327 styrkjum í landshlutanum. Á Suðurnesjum voru eingöngu 9 styrkir undir 500 þús.kr. Styrkir á bilinu 500 þús.kr. til 2,5 m.kr. voru samtals 248, eða tæplega 40,4% allra styrkja. Alls voru 13 styrkir hærri en 2,5 m.kr., eða 2,1% allra styrkja.

TAFLA 5A. SAMANBURÐUR UPPLÝSINGA UM UMSÓKNIR / STYRKI ÁRIN 2019 OG 2020

Umsóknir	2020	2019	Mismunur
Fjöldi umsókna	1074	883	191
Heildarfjárhæð sem sótt er um	1.872.129.813	1.614.391.990	46.567.994
Veittir styrkir			
Fjöldi styrkja	614	509	105
Árangurshlutfall umsókna	57%	58%	0%
Heildarupphæð styrkja	444.052.500	402.743.629	41.308.871
Meðalfjárhæð styrkja	723.213	791.245	-68.032
Fjöldi undir 500 þús.	353	264	89
Fjöldi milli 500 þús. til 2,5 m.kr.	248	235	13
Fjöldi hærri en 2,5 m.kr.	13	10	3
Áætlaður fjöldi ársverka	654	860	-206

Tafla 5A sýnir að umsóknum til uppbyggingarsjóðanna fjölgaði um 191 milli árána 2019 og 2020 og heildarfjárhæð sem sótt var um hækkaði um tæpar 46,6 m.kr. Umsóknum fjölgaði í öllum landshlutum milli árána 2019 og 2020.

Heildarupphæð styrkja var rúmum 41,3 m.kr. hærri árið 2020 en 2019 og styrkjum fjölgaði um 105 milli ára á móts við fækkun um 40 milli árána 2018 og 2019.

TAFLA 6. KYN UMSÆKJENDA / STYRKHAFA

Umsóknir	Vesturland		Vestfirðir		Norðurland vestra		Norðurland eystra		Austurland		Suðurland		Suðurnes		Samtals	
	kk	kvk	kk	kvk	kk	kvk	kk	kvk	kk	kvk	kk	kvk	kk	kvk	kk	kvk
Fjöldi umsókna	57	109	65	64	48	65	77	81	62	64	151	166	35	30	495	579
Fjöldi umsókna (%)	34%	66%	50%	50%	42%	58%	49%	51%	49%	51%	48%	52%	54%	46%	46%	54%
Meðalupphæð umsókna	1.451.565	1.211.428	1.265.930	3.647.782	1.713.251	1.335.249	2.253.530	1.992.037	1.552.053	1.522.139	1.425.263	1.253.258	2.136.865	3.081.850	1.630.333	1.747.087
Veittir styrkir																
Fjöldi styrkja	43	74	35	30	31	45	36	46	25	35	75	100	20	19	265	349
Fjöldi styrkja (%)	37%	63%	54%	46%	41%	59%	44%	56%	42%	58%	41%	59%	51%	49%	43%	57%
Meðalupphæð styrkja	534.302	499.122	1.071.429	770.000	881.545	842.324	1.102.778	789.130	921.400	993.286	482.000	433.600	1.130.000	1.178.947	789.766	672.678

Í töflu 6 má sjá hvernig annars vegar umsóknir og hins vegar styrkir skiptast eftir kyni forsvarsmanna eða verkefnisstjóra. Kynjahlutfall umsækjenda hefur á heildina litið verið nokkuð jafnt, en konur eru núna bæði fleiri í hópi umsækjenda og styrkþega. Konur eru í forsvari fyrir 54% umsókna og karlar eru í forsvari fyrir

46% umsókna. Ef lítið er á kynjahlutfall styrkþega eru konur í forsvari fyrir 57% verkefnanna en 43% karla.

Á undanförunum árum hafa verið birtar töflur númer 7, og 7A-7G yfir „kyngreind áhrif starfa sem ætlað að skapist á verkefnatíma“ og hafa þær töflur verið annars vegar fyrir hvern landshluta fyrir sig og hins vegar yfir landið allt. Í næstu greinargerð, þ.e. fyrir árið 2021, verða kyngreindar upplýsingar settar fram með öðrum hætti. Í töflu 6 verður gert ráð fyrir kyngreiningunni: „karlar“, „konur“ og „annað“. Töflur 7 og 7A-7G verða felldar niður. Það er meðal annars vegna þess að upplýsingarnar of matskenndar og óáreiðanlegar og því segja þær í raun lítið um það hvers konar störf skapast, hvort þau eru fyrir karla, konur eða fólk af öðrum kynjum.

TAFLA 8. ATVINNUGREINAFLOKKUN UMSÓKNA

Atvinnugreinaflokkun	Vesturland	Vestfirðir	Norðurl.v.	Norðurl.e.	Austurland	Suðurland	Suðurnes	Fjöldi
Atvinnuþróunar- og nýsköpunarstyrkur - Annað	8	3	5	5	7	7	5	40
Atvinnuþróunar- og nýsköpunarstyrkur - Ferðaþjónusta	15	14	10	27	12	33	6	117
Atvinnuþróunar- og nýsköpunarstyrkur - Iðnaður	4	6	3	6	6	11	1	37
Atvinnuþróunar- og nýsköpunarstyrkur - Landbúnaður	5	2	2	2	5	5	0	21
Atvinnuþróunar- og nýsköpunarstyrkur - Matvæli	7	9	7	7	12	19	2	63
Atvinnuþróunar- og nýsköpunarstyrkur - Rannsóknir/Þróun/F	8	11	3	10	8	36	13	89
Atvinnuþróunar- og nýsköpunarstyrkur - Skapandi greinar	8	3	2	9	7	14	1	44
Atvinnuþróunar- og nýsköpunarstyrkur - Verslun/Þjónusta	5	2	2	5	1	13	4	32
Menningarstyrkur - Annað	2	3	2	0	2	9	2	20
Menningarstyrkur - Blönduð menningardagskrá	21	10	13	10	3	22	3	82
Menningarstyrkur - Bókmenntir/Fræðirit/Margmiðlun	3	3	10	2	2	7	4	31
Menningarstyrkur - Danslist	0	0	1	5	3	0	0	9
Menningarstyrkur - Fræðsla/Námskeið	5	5	2	6	3	15	2	38
Menningarstyrkur - Kvikmyndalist	8	5	3	10	5	12	3	46
Menningarstyrkur - Leiklist og aðrar sviðslistir	6	5	5	7	4	7	2	36
Menningarstyrkur - Listhönnun	4	1	1	3	0	6	0	15
Menningarstyrkur - Málþing/Ráðstefnur	0	2	1	1	1	2	0	7
Menningarstyrkur - Menningararfur/Safnamál	11	3	7	1	9	30	5	66
Menningarstyrkur - Menningartengd ferðaþjónusta	9	10	2	3	3	13	2	42
Menningarstyrkur - Myndlist/Ljósmyndalist	1	7	2	9	8	19	2	48
Menningarstyrkur - Tónlist	22	11	15	21	18	45	6	138
Óskilgreint - Óskilgreint	0	0	0	0	0	2	0	2
Stofn- og rekstrarstyrkur á sviði menningar – Ath. einungis fyr	11	12	7	8	3	0	0	41
Stofn- og rekstrarstyrkur á sviði menningar – Ath. einungis fyr	3	6	8	4	5	0	1	27
Stofn- og rekstrarstyrkur á sviði menningar – Ath. einungis fyr	3	0	0	0	2	0	2	7
	169	133	113	161	129	327	66	1098

TAFLA 9. ATVINNUGREINAFLOKKUN STYRKJA

Atvinnugreinaflokkun	Vesturland	Vestfirðir	Norðurl.v.	Norðurl.e.	Austurland	Suðurland	Suðurnes	Fjöldi
Atvinnuþróunar- og nýsköpunarstyrkur - Annað	5	1	2	3	4	2	2	19
Atvinnuþróunar- og nýsköpunarstyrkur - Ferðaþjónusta	10	3	7	13	5	10	3	51
Atvinnuþróunar- og nýsköpunarstyrkur - Iðnaður	3	2	1	3	3	8	0	20
Atvinnuþróunar- og nýsköpunarstyrkur - Landbúnaður	4	2	1	1	2	2	0	12
Atvinnuþróunar- og nýsköpunarstyrkur - Matvæli	3	2	4	5	4	12	1	31
Atvinnuþróunar- og nýsköpunarstyrkur - Rannsóknir/Þróun/F	3	8	0	2	4	15	7	39
Atvinnuþróunar- og nýsköpunarstyrkur - Skapandi greinar	8	2	1	2	5	6	0	24
Atvinnuþróunar- og nýsköpunarstyrkur - Verslun/Þjónusta	4	2	2	2	0	3	0	13
Menningarstyrkur - Annað	2	1	2	0	0	4	2	11
Menningarstyrkur - Blönduð menningardagskrá	18	4	10	3	3	15	3	56
Menningarstyrkur - Bókmenntir/Fræðirit/Margmiðlun	2	1	7	1	1	3	2	17
Menningarstyrkur - Danslist	0	0	0	3	3	0	0	6
Menningarstyrkur - Fræðsla/Námskeið	3	1	1	3	2	11	0	21
Menningarstyrkur - Kvikmyndalist	3	3	1	3	2	7	2	21
Menningarstyrkur - Leiklist og aðrar sviðslistir	5	5	5	5	3	7	2	32
Menningarstyrkur - Listhönnun	3	1	1	1	0	2	0	8
Menningarstyrkur - Málþing/Ráðstefnur	0	1	0	0	0	0	0	1
Menningarstyrkur - Menningararfur/Safnamál	9	0	2	1	4	15	3	34
Menningarstyrkur - Menningartengd ferðaþjónusta	4	4	2	3	0	3	2	18
Menningarstyrkur - Myndlist/Ljósmyndalist	1	1	0	5	3	14	2	26
Menningarstyrkur - Tónlist	17	8	13	12	6	36	5	97
Stofn- og rekstrarstyrkur á sviði menningar – Ath. einungis fyr	6	8	7	7	2	0	0	30
Stofn- og rekstrarstyrkur á sviði menningar – Ath. einungis fyr	2	5	7	4	4	0	1	23
Stofn- og rekstrarstyrkur á sviði menningar – Ath. einungis fyr	2	0	0	0	0	0	2	4
	117	65	76	82	60	175	39	614

Tölur 8 og 9 sýna verkefni uppbyggingarsjóða flokkuð eftir atvinnugreinum. Framsetningin er í samræmi við flokkun landshlutasamtakanna, en ekki samkvæmt ÍSAT-atvinnugreinaflokkun Hagstofunnar eins og verið hefur þó svo að hún byggir á þeirri greiningu. Þetta er hugsað til einföldunar og með það fyrir augum að framsetningin henti betur viðfangsefninu hér. Langflestar umsóknanna eru á sviði menningar og ná til flestra greina innan menningargeirans. Umsóknir til ferðaþjónustuverkefna eru einnig margar. Þannig eru 590 umsóknir af alls 1.098⁷ á sviði menningar og 159 í ferðaþjónustu (menningartengd ferðaþjónusta flokkuð með ferðaþjónustu). Af 590 menningarumsóknum eru 75 umsóknir á sviði menningarmála um stofn- og rekstrarstyrki. Aðrir stórir flokkar eru matvæli með 61 umsókn, rannsóknir/þróun/fræðsla með 71 umsókn.

Menningarverkefni fengu 378 styrki af 614. Þar af voru 57 stofn- og rekstrarstyrkir. Ferðaþjónustustyrkirnir voru 69 talsins.

⁷ Heildarfjöldi umsókna var 1074 skv. leiðréttum tölum frá landshlutasamtökunum. Tölur 8 og 9 koma úr umsóknargátt uppbyggingarsjóða og þar er samtala umsókna hærri, en fjöldi styrkja réttur. Í öðrum tölum hafa fjöldatölur umsókna verið leiðréttar í samræmi við upplýsingar landshlutasamtakanna. Þó svo heildartalan hér sé í við hærri gefur tafla 8 engu að síður góða og að mestu rétta mynd af skiptingu framlaga á atvinnugreinar.

NOKKUR ÁHERSLUVERKEFNI OG VERKEFNI STYRKT ÚR UPPBYGGINGARSJÓÐUM

Eins og fram hefur komið hlutu alls 614 verkefni styrki úr uppbyggingarsjóðum landshlutanna á árinu 2020. Áhersluverkefni árið 2020 voru samtals 60, en þess utan voru eldri verkefni sem taka til fleiri ára einnig í gangi. Hér á eftir má sjá upplýsingar frá landshlutasamtökunum um nokkur verkefni sem eru afar fjölbreytt og áhugaverð.

VESTURLAND

ICEDOCS

Iceland Documentary Film Festival eða IceDocs hefur verið haldin á Akranesi síðan árið 2019. Áherslan er alþjóðlegar heimildamyndir sem eru sérstaklega valdar til sýningar ár hvert. Bíóhöllinn á Akranesi er miðpunktur viðburðarins. Þá hafa myndir verið sýndar á óhefðbundnari stöðum og aðrir viðburðir eins og pallborð, málstofur og fleira fara fram víða um bæinn á hátíðinni og í aðdraganda hennar. Áhersla er lögð á fræðslu og miðlun í takt við framgang hátíðarinnar og er sérstaklega hugsað um börn og ungmenni í því samhengi. Þetta er ekki síst að þakka að kvikmyndagerðarmenn og fólk með bakgrunn í menningarstjórnun.

Á IceDocs 2020 ríkti vitaskuld mikil óvissa vegna heimsfaraldursins. Skipulagsnefndin vann eftir því að þurfa að bregðast við breytingum sem kynnu að koma til með stuttum fyrirvara, auk þess sem móttaka erlendra blaðamanna var öðruvísi eins og aðstæður voru til vegna aðstæðna. Þrátt fyrir það tókst hátíðin með miklum ágætum.

IceDocs hefur vakið verðskuldaða athygli og hlaut nú á vordögum hvatningarverðlaun Eyrarrósarinnar. Verkefnið hlaut svo myndarlegan styrk úr Barnameningarsjóði til að vinna að verkefnum tengd fræðslu, miðlun og uppákomum til yngstu gestanna á hátíðinni.

Sóknaráætlun Vesturlands hefur stutt við bakið á IceDocs frá upphafi og hafa styrkir verið veittir úr menningarhluta Uppbyggingarsjóðs og stofn- og rekstarstyrki sjóðsins.

AUKIN NÝTING FÉLAGSHEIMILA OG MENNINGARHÚSA Í ÞÁGU BLÓMLEGRAR MENNINGAR

Verkefnið var áhersluverkefni Sóknaráætlunnar árið 2020. Eftir tafir vegna covid19 var blásið til vefráðstefnu um málefnið sem byggðist upp á fræðsluerindum frá þremur félagheimilum og menningarhúsum. Erindi kom frá Mörthu Eiríksdóttur fyrir hönd félagshemilisins Brúarás í Hvítársíðu en þar hefur félagheimili tekið stakkaskiptum sem menningarhús í sveit. Þá var rætt við Eggert Kjartansson oddvita Eyja- og Miklaholtshrepps um Breiðablik, en það félagshemili gekk í endurnýjun lífdaga sem gestastofa fyrir Snæfellsnes. Að lokum var Þórgnýr Dýrfjörð með fróðlegt erindi um uppbyggingu Hofa á Akureyri og dæmi um vel heppnaða og arðsama menningarstarfsemi á landsbyggðinni.

Í framhaldi af ráðstefnunni hefur menningarfulltrúi SSV farið í samstarf við menningarnefnd Dalabyggðar við að koma félagshemilunum fjórum sem þar standa í frekari nýtingu. Framleidd voru kynningarmyndbönd fyrir hvert þeirra sem voru kynnt á opnum fundi á vegum sveitarfélagsins og á haustmánuðum verður farið í frekari stefnumótunarvinnu vegna verkefnisins.

Ávinningur af þessu áhersluverkefni er mikill, ekki aðeins fjárhagslega fyrir sveitarfélögin, þá eigendur húsanna heldur einnig samfélagsins þar sem þau eru.

Hlekkur inná vefráðstefnuna:

<https://youtube.com/playlist?list=PLsQIE7hj3q7vISj-9RPn3j4plmezGObJD>

Hlekkur inná innslög um félagsheimili Dalabyggðar:

<https://youtube.com/playlist?list=PLsQIE7hj3q7s3rIXSOzmOnmwCTowicpgk>

VESTFIRÐIR

KALKSALT

Nýsköpunarfyrirtæki sem nýtir umframsalt frá fiskvinnslum og er eina íslenska fyrirtækið sem framleiðir bætiefnafötur fyrir búfénað. Vöruhönnun á steypumótum fyrir kalksaltsteina, hönnun útlits á nýjar og eldri vörur Kalksalts og markaðssetning á hvoru tveggja.

SÝSLIÐ – VERSTÖÐ

Sýslið verkstöð er klæðskerasaumuð lausn sem býður upp á fjölþætta þjónustu sem hefur skort á svæðinu. Sýslið verkstöð er rekið sem einkahlutafélag Ástu Þórisdóttur og Svans Kristjánssonar. Verkefnið getur haft jákvæð áhrif á skapandi starf á svæðinu með fjölbreytilegri og vel útbúinni aðstöðu og rými fyrir hönnuði og listafólk sem munu auðga starfsemina og menningarlíf á svæðinu með sýningum og viðburðum. Sýslið verkstöð sér einnig um vefinn strandir.is.

SKJALDBORG – HÁTÍÐ ÍSLENSKRA HEIMILDAMYNDA

Skjaldborg hefur verið haldin síðan árið 2007. Skjaldborg frumsýnir íslenskar heimildamyndir, skoðar heimildamyndagerð á heimsvísu og skapar umræðu og þróunarvettvang fyrir verkefni, leikstjóra og áhugafólk á Íslandi. Hátíðin er eini sérhæfði vettvangurinn fyrir íslenskar heimildamyndir hér á landi og má segja að Skjaldborgarbió á Patreksfirði sé orðið heimili íslenskra heimildamynda enda hjálpar umhverfið og fólknið á staðnum við að skapa aðstæður sem mynda einstaka stemningu. Styrkt úr uppbyggingarsjóði.

VESTFJARÐALEIÐIN

Vestfjarðaleiðin er ný ferðamannaleið um Vestfirði og Dalina sem varð greiðfær við opnun Dýrafjarðarganga í október 202. Leiðin er um 950 km. með einstökum áningarstöðum og upplifunum. Þróun Vestfjarðaleiðarinnar er samstarfsverkefni Vestfjarðastofu og Vesturlandsstofu. Áhersluverkefni.

Þróun Vestfjarðaleiðarinnar felst í að móta ferðaleiðina og vörumerki leiðarinnar auk þess að treysta samstarf fyrirtækja og sveitarfélaga á svæðinu. Unnið hefur verið með breska ráðgjafafyrirtækinu Blue Sail að þróun ferðaleiðarinnar og vinnukistu fyrir aðilarfyrirtæki. Einnig er unnið með almannatengslaskrifstofunni Chon og Wolfe að mörkun og markaðsaðgerðum í tengslum við verkefnið.

SÝNILEIKI VESTFJARÐA

Sögur af Vestfirðingum voru dregnar fram með fimm þáttum um atvinnulíf á Vestfjörðum og 60 innslögum í Landsbyggðir og þættina “Að Vestan”. Fjölmargir þættir atvinnulífs og mannlífs á Vestfjörðum voru dregnir fram í þáttunum sem sýndir voru haustið 2020 og framhald verður á verkefninu á árinu 2021. Verkefnið er framhald af verkefninu #Vestfirðingar sem unnið var á árinu 2019.

NORÐURLAND VESTRA

VERÐANDI NÝSKÖPUNARMIÐSTÖÐ

Styrkhafi: Verðandi Nýsköpunarmiðstöð

Áhersluverkefni. Að verkefninu standa Þuríður Helga Jónasdóttir og Sólveig Pétursdóttir, og er starfsemin staðsett á Hofsósi. Markmið verkefnisins var að skapa störf við endurnýtingarmiðstöðina en tilgangur miðstöðvarinnar er m.a. að efla umhverfisvitund, minnka sóun, móttaka á fötum og munum sem hægt er að endurnýta, námskeiðahald og veita aðstöðu til fjarvinnu. Hjá Verðandi er t.d. hægt að leigja saumavél á staðnum gegn vægu gjaldi til að endurnýta og endurvinna ýmsan textíl.

Eftir að verkefnið fór af stað hafa þær stofnað fyrirtæki í kringum verkefnið og haldið nokkur námskeið tengd umhverfismálum.

Hægt er að sjá viðtal N4 við þær Þuríði Helgu og Sólveigu:

<https://fb.watch/5iDf14neQ0/>

HANDBENDI BRÚÐULEIKHÚS

Handbendi var stofnað árið 2016 af leikstjóranum og brúðuleikaranum Gretu Clough og er hún jafnframt listrænn stjórnandi leikhússins. Handbendi er eina starfandi atvinnuleikhúsið á Norðurlandi vestra og eitt af sárafáum slíkum utan höfuðborgarsvæðisins.

Auk þess að framleiða brúðuleikssýningar í háum gæðaflokki, ferðast með þær um landið og á erlendar hátíðir, rekur Handbendi stúdíó þar sem áhersla er lögð á upptökur og framleiðslu á stafrænu efni af ýmsum toga. Þá leggur leikhúsið sérstaka áherslu á að hafa frumkvæði að og leiða samfélagstengd verkefni af ýmsum toga, þar á meðal með börnum og ungu fólki.

Nýjasta skrautfjöðrin í hatt Handbendis er alþjóðleg brúðuleikhúshátíð - Hvammstangi International Puppet Festival - eða HIP Fest - sem fram fór í fyrsta sinn árið 2020 og verður hér eftir árlegur viðburður í október. Handbendi hlaut Eyrarrósina í maí 2021 fyrir starfsemi sína.

NORÐURLAND EYSTRÁ

SÚLUR VERTICAL

Súlur Vertical er fjallahlaup á Glerárdal og nágrenni. Hlaupið er alþjóðlegt og gefur ITRA hlaupa-punkta. Meginmarkmið verkefnisins er að byggja upp sterkt vörumerki á sviði útivistarviðburða, en byggja á grunni fjallahlaupsins Súlur Vertical. Að verkefninu standa UFA-Eyrarskókk og öflugur hópur fjallahlaupara. Styrkt úr uppbyggingarsjóði.

BORGARHLUTVERK AKUREYRAR

Meginmarkmið verkefnisins er að móta borgarstefnu fyrir Akureyri og skilgreina svæðisbundið hlutverk staðarins sem stærsta þéttbýlis utan höfuðborgarsvæðisins. Skoða skal hlutverk sveitarfélagsins Akureyrar sem miðstöðvar þjónustu fyrir Norður- og Austurland. Borgarstefnan mun innihalda tillögur um eflingu Akureyrar meðal annars með tilliti til samgangna og aðgengis, menntunar, menningar, heilsugæslu, málefna Norðurslóða (Norðursvæðastefna), Vetraríþróttamiðstöðvar Íslands, þjónustu ýmis konar og fleira. Verður það svo

borið saman við sambærilegt hlutverk Reykjavíkur fyrir höfuðborgarsvæðið. Áhersluverkefni.

STÓRÞARI

Meginmarkmið verkefnisins er að ljúka ýmsum undirbúningsþáttum og skapa þannig öryggi um aðgengi að stórþara til lengri tíma nýtingar. Rannsókuð verða a.m.k. fjögur svæði við Norðurland til að meta útbreiðslu og þéttleika stórþara á svæðinu og verður úrvinnslan grunnur að áætlun um framtíðarnýtingu stórþara. Aukaúthlutun vegna Covid-19.

UPPTÖKUR Á SINFÓNÍSKRI TÓNLIST FYRIR ALÞJÓÐLEGAN AÐFREYINGARIÐNAÐ

Verkefnið felur í sér upptökur á sinfónískri tónlist sem stuðlar að fjölbreyttu og öflugu atvinnulífi á Norðurlandi með því að veita atvinnutónlistarfólki, hljómsveitarstjórum, upptökustjórum, verkefnastjórum og tæknifólki á svæðinu vinnu við þekkt alþjóðleg verkefni sem að stærstum hluta er fjármagnað með erlendum gjaldeyri.

AUSTURLAND

SUNNEVA – HETJA, FÓRNARLAMB EÐA TÆFA? LEIKSÝNING

Sýning leikhópsins Svipa var unnin í Sláturhúsinu á Egilsstöðum/ miðstöð sviðslista á Austurlandi. Leikstjóri, höfundur, leikarar og aðrir sem komu að sýningunni unnu hana á Egilsstöðum og frumsýndu þar. Síðan hefur sýningin verið sýnd víðar og fengið mjög góða dóma.

Verkið er sviðsetning á kvennatvíleik um Sunnefu Jónsdóttur, sem dæmd var til drekkingar á 18. öld. Hún varð fræg fyrir að rísa upp gegn yfirvaldinu á Þingvöllum 1743 og kenna barnið sem hún ól við raunverulegan föður þess, sýslumanninn Wíum, en ekki við bróður sinn eins og hún hafði áður verið þvinguð til að gera. Með lifandi tónlist, sviðshreyfingum, sterkum leik frábærra leikkvenna og góðum texta, kynnumst við raunasögu Sunnefu og samtímakvenna hennar sem var drekkt fyrir litlar og óréttmætar sakir. Styrkt úr uppbyggingarsjóði.

MARKAÐSSETNING Á VIÐARPALLETUM TIL HÚSHITUNAR

Verkefnið snýr að því að kynna á traustan og trúverðugan hátt fyrir íbúum á köldum svæðum austanlands hvernig kynding með viðarperlum sem framleiddar eru í landshlutanum er hagkvæm, umhverfisvæn, notendavæn og sjálfvirk. Skapa á heimamarkað fyrir viðarperlur sem framleiddar eru á Austurlandi. Til lengri tíma mun verkefnið styrkja nytjaskógrækt á Íslandi.

Búið er að setja upp kyndistöð í Fljótsdal sem nýtir viðarperlurnar og er reynslan framar vonum. Þessi vinnsla á viðarperlum hjálpar skógarbændum að selja sínar afurðir og með því styrkir það byggð á svæðinu. Grisjun ungsjóga er mikilvægur þáttur í ræktunarferli nytjaskóga en hingað til hefur gengið illa að selja timbur úr ungsjógum. Styrkt úr uppbyggingarsjóði. Sjá [Ilmur \(ilmureco.is\)](http://ilmur.ilmureco.is)

AUSTURLANDSAPPIÐ

Austurlands appið er fyrsta app sinnar tegundar í landshluta en það veitir notendum vildarkjör hjá veitingastöðum, verslunum og þjónustuaðilum á Austurlandi. Einnig er að finna þar yfirlit yfir viðburði og skemmtanir, störf og fasteignir í boði auk fimm ferðaleiða um landshlutann.

Markmiðið með útgáfu snjallforritsins er að auka sýnileika fyrirtækja á Austurlandi og koma réttum upplýsingum hratt og örugglega til viðskiptavina. Forritið er frítt fyrir bæði notendur og þjónustuaðila.

BRAS MENNINGARHÁTÍÐ BARNNA OG UNGMENNA Á AUSTURLANDI 2020

BRAS menningarhátíð barna og ungmenna var haldin í þriðja sinn á Austurlandi haustið 2020. Einkunnarorð hátíðarinnar eru sem fyrr Þora! Vera! Geral! enda er leiðarljós hennar að börn þori að vera þau sjálf og framkvæmi á eigin forsendum. Hátíðin er haldin frá miðjum september fram í október þar sem fram fara litlir sem stórir listviðburðir auk námskeiða og fræðslu á sviði lista og menningar. Yfirskriftin hátíðarinnar árið 2020 var „Réttur til áhrifa“ og byggir á 12. grein Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

BRAS er menningarhátíð þar sem börnum er gefið tækifæri til að skapa og upplifa listir í víðasta samhengi. Hún var haldin í fyrsta skipti í september 2018. Markmiðið er að búa til vettvang þar sem öll börn á Austurlandi geta unnið saman á jafningjagrundvelli óháð móðurmáli, tungumálakunnáttu og búsetu. Unnið er þvert á þjóðerni, byggðakjarna og aldur.

Ætlunin er að þróa BRAS verkefnið áfram í þrjú til fjögur ár. Mikill tími fer í undirbúning BRAS en hátíðin er samstarfs- og samvinnuverkefni skóla og sveitarfélaga á Austurlandi auk Skólaskrifstofunnar og List fyrir Alla og margir lausir endar sem þarf að hnýta. Verkefnisstjórn er á vegum Austurbrúar í mjög góðu og nánú samstarfi við sveitarfélög, menningarstofnanir og skólaskrifstofu Austurlands. Gríðarlegur metnaður og samstaða er um að hátíðin sé sem veglegust. Þegar hátíðinni lýkur ár hvert er unnin könnun á því hvernig til tókst og í framhaldinu er heildarsýn um framtíð BRAS þróuð og endurskoðuð. <https://www.bras.is/>

SUÐURLAND

ORKIDEA

Markmið verkefnisins er að stuðla að aukinni og sjálfbærri matvælaframleiðslu og vinnslu með bættri nýtingu endurnýjanlegra auðlinda á Suðurlandi. Í verkefninu er stuðst við uppbyggingu matvælaframleiðslu og líftækni á svæðinu ásamt því að gera sveitarfélögum, núverandi matvælaframleiðendum og nýjum fyrirtækjum kleift að byggja upp aukna framleiðslu á svæðinu ásamt því að þróa nýjar aðferðir og skapa matvælaframleiðslu með sérstöðu á heimsvísu. Lokaafurð verkefnisins verður fjárhagslega sjálfbært þekkingarsetur sem fjármagnar sig að fullu í gegnum innlendar og/eða erlendar styrkveitingar og samstarfsverkefni að verkefnatíma loknum. Orkídea hefur formlega verið stofnað og tveir starfsmenn ráðnir. Orkídea er áhersluverkefni.

SÓKNARFÆRI FERÐAÞJÓNUSTUNNAR

Sóknarfæri ferðaþjónustunnar var áhersluverkefni til stuðnings ferðaþjónustunnar á Suðurlandi, sem varð fyrir miklu tekjutapi vegna fækkunar ferðamanna á Íslandi vegna COVID 19. Verkefnið skiptist í þrjá verkþætti:

a) Stuðningur við markaðssókn landshlutans gagnvart innlendum ferðamönnum sumarið 2020, sem unnið var á vegum Markaðsstofu Suðurlands. Rekstraraðilar

og sveitarfélög voru samhliða hvött til að taka þátt í átakinu og auka þar með slagkraft þess. Framlag úr Sóknaráætlun Suðurlands til þess verkþáttar var 8 m.kr.

b) Stofnun nýs samkeppnissjóðs undir heitinu Sóknarfæri ferðaþjónustunnar þar sem fyrirtækjum í ferðaþjónustu bauðst að sækja um verkefnastyrki. Samhliða stóð fyrirtækjum til boða handleiðsla og ráðgjöf á vegum SASS, aðgengi að sérfræðiþjónustu og fræðslu. Til úthlutunar voru 48 milljónir króna og markmiðið var að sá stuðningur næði til allt að 96 fyrirtækja. Alls bárust 211 umsóknir. Af 96 styrkþegum skiluðu 95 inn verkáætlun og 92 skiluðu inn lokaskýrslu og luku þar með verkefnum að fullu. Mikil ánægja var með framtak og stuðning SASS sem kom fram í viðhorfskönnun meðal styrkþega.

c) Fræðsla og miðlun þekkingar til ferðaþjónustufyrirtækja, s.s. námskeið og sérfræðiþjónusta til styrkþega sem tengjast úrræðinu hér að framan. Auk þess var boðið upp á ýmis opin námskeið, fyrirlestra og stuðningsefni. Heildarkostnaður vegna þessa var áætlaður 8 m.kr. auk annars kostnaðar upp á um 1 m.kr.

NÝSKÖPUNARVERKEFNIÐ HORSEDAY

HorseDay er app fyrir eigendur, tamningamenn og reiðkennara í heimi íslenska hestsins. Þetta er alþjóðlegt kerfi sem mun auka skilvirkni við þjálfun og tamningu hesta, efla samskipti og bæta aðgang að upplýsingum.

Markmiðið er að appið umbylti möguleikum hestafólks til skipulegrar vinnu og gagnasöfnunar, aðgangs að þekkingu, til samskipta og markaðsvinnu. HorseDay á þannig að auka gæði vinnunnar, auka afköst og efla samfélag hestafólks. Ætlunin er að safna gögnum sem nýtast munu vísindasamfélagi hestamenskunnar, ræktun hestsins og reiðmennsku til framfara.

HorseDay er app sem er einskonar sambland af Strava og Facebook fyrir hestafólk. Við fyrstu innskráningu sækir HorseDay grunn gögn um alla hesta notandans í WorldFeng. Notandinn skráir síðan alla þjálfun og umönnun hestsins á spjald hans. Við uppsetningu þjálfunarstundar getur notandinn nýtt sér gagnabanka æfinga. Í hverri þjálfunarstund er skráður hraði, vegalengd, og aðrar upplýsingar fyrir hverja gangtegund fyrir sig. Að lokinni þjálfunarstund getur notandinn deilt upplýsingunum.

Hérlendis eru engar stafrænar lausnir til, nema þá helst heimasmiðuð Excel-skjöl. Óþekkt er að hesteigandi geti á einfaldan hátt fylgst með framgangi þjálfunar hestsins síns í rauntíma hjá þjálfara, jafnvel í öðru landi. Ekkert tól á markaði gerir notandanum kleift að greina gangtegundir Íslenska hestsins í rauntíma líkt og HorseDay er ætlað að gera í framhaldinu, er því um mikla nýsköpun er að ræða. Styrkt úr uppbyggingarsjóði

MENNINGARVERKEFNIÐ SKJÁLFTINN

Markmið verkefnisins er að nemendur í 8. og 9. bekkjum grunnskólanna á Suðurlandi fái vettvang fyrir frjálsa listsköpun í gegnum skapandi ferli og að búa til samstarfsvettvang á milli sunnlenskra skóla og nemenda í 8. og 9. bekkjum í gegnum listina.

Skjálftinn er hæfileikakeppni unglíngastígs í grunnskólum á Suðurlandi sem haldin var í fyrsta sinn í maí 2021. Skjálftinn byggist á því að unglíngarnir þrói leikverk frá hugmynd til sviðsetningar. Tilgangurinn er að efla sköpunargáfu, kenna unglíngunum að hugsa út fyrir rammann, kenna verklag, þjálf þau í

markvissu langvinnu hópstarfi, styrkja sjálfsmynd einstaklinga og skóla, efla félagsstarf skólanna og efla samstarf milli skóla og félagsmiðstöðva.

Skjálftinn fór fram helgina 15.-16. maí 2021 með talsvert breyttu sniði vegna COVID-19. Í stað þess að koma fram fyrir fullum sal af áhorfendum, voru atriðin tekin upp og þau svo sýnd á RÚV2 daginn eftir. Verðlaunaafhending fór fram í beinni á Instagram.

Gríðarleg ánægja var með verkefnið og fullur hugur er að endurtaka þetta að ári. Þá er stefnt að því að bjóða skólum af öllu Suðurlandi að vera með, en að þessu sinni voru það skólar í Árnessýslu sem fengu boð um að taka þátt. Þegar keppnin stækkar og verður fyrir alla skóla á Suðurlandi teygist hún yfir nokkra daga svo allir komist að, þá þarf að halda tvö undankvöld og svo úrslitakvöld. Styrkt úr uppbyggingarsjóði.

SUÐURNES

SKÁLDASKÁPUR

Skáldaskápur er verkefni að frumkvæði listamannsins og kennarans Gunnhildar Þórðardóttur til að auka hróður ljóðlistar og til að efla skapandi skrif á Suðurnesjum. Skáldaskápur er færanlegt ljóðagallerí sem ferðast mánaðarlega í kringum Suðurnes.

Verkefnið verður afhjúpað 16. nóvember n.k. á degi íslenskrar tungu með ljóðagjörningi og athöfn. Íbúar á Suðurnesjum verða hvattir til þess að senda ljóð gegnum netið og verður skipt um ljóð í skápnum vikulega eða daglega eftir þátttöku. Skáldaskápur mun einnig bjóða upp ókeypis ritsmiðju í tengslum við dag íslenskrar tungu og Barnamenningsrátið n.k. vor. Ljóðin verða sýnd í færanlegum skáp og auglýst á samfélagsmiðlum.

ÖRYGGISKROSSINN

Verkefnið snýr að þróun og markaðssetningu nýrrar vöru sem kallast Öryggiskrossinn. Hönnun og framleiðsla fer fram á Suðurnesjum. Öryggiskrossinn er notaður til að loka flugbrautum og akbrautum flugvalla tímabundið og er bæði umhverfisvænn, margnota og skemmir ekki malbikið á brautunum. Varan hefur fengið einkaleyfi héraðs og umsókn um alþjóðlegt einkaleyfi bíður umsagnar.

Þegar loka þarf flugbrautum eða akbrautum flugvalla tímabundið kveða reglugerðir á um sérstakar öryggismerkingar sem leggja skal með ákveðnu millibili yfir þá flugbraut eða akbraut sem á að loka. Merkingar þessar eru mjög stórar, ýmist hvítar eða gular, og mynda X eða kross. Algengast er að merkingarnar séu málaðar á brautirnar en fjarlægja þarf málninguna aftur. Ef endurnýja á malbik á flugbraut þarf að loka henni með merkingum yfir alla brautina á meðan hún er svo malbikuð í áföngum þarf að fjarlægja merkingar og mála þær svo að nýju. Þegar opna á flugbrautina aftur þarf að skrapa eða háþrýstipvo málninguna af nýja malbikinu sem getur haft slæm áhrif á endingartíma þess. Þar að auki þeytast málningaragnir út í umhverfið og valda mengun. Til þess að forðast skemmdir á malbiki er því best að merkingarnar séu útbúnar sem renningar sem lagðar eru á brautirnar. Öryggiskrossinn er samansettur úr tveimur renningum sem búnir eru til úr neti. Það er opið og þungt og tekur því ekki í sig vind svo ekki þarf að festa það sérstaklega niður á flug- og akbrautir. Öryggiskrossinn er margnota og

umhverfisvænn. Hann mengar ekki umhverfið og skemmir ekki malbik. Öryggiskrossinn verður framleiddur hér á Suðurnesjum. Styrkt úr uppbyggingarsjóði.

REYKJANES UNESCO GLOBAL GEOPARK

Markmið er að fylgja eftir endurnýjun vottunar frá UNESCO á Reykjanes Geopark sem og að auka sýnileika Reykjanes Geopark

Unnið var að gerð umbótaáætlunar og fylgt var eftir úttektum vegna endurnýjunar aðildar að UGG, UNESCO Global Geopark

Haldnir voru kynningarfundir fyrir íbúa. Allt kynningarefni var endurnýjað. Lögð hefur verið vinna í að uppfæra skilti og kort við áningarstaði RGP. Á árinu 2020 var vakin áhugi íbúa og gesta á útivistarsvæðum, gönguleiðum og hjólreiðastígum á Reykjanesskaganum. Auk þess er vinna hafin við að hanna og uppfæra gestastofur Reykjanes Geopark en markmiðið er að hafa þær stafrænar sem og að gestir geti tekið með sér upplýsingar úr stafrænum lausnum til að taka með sér á ferðalag sitt um Reykjanesskagann. Áhersluverkefni.

MYNDABANKI FYRIR REYKJANESIÐ

Markmið verkefnisins var að setja upp aðgengilegan myndabanka fyrir Reykjanesið fyrir aukinn sýnileika svæðisins.

Kaup, þróun og uppsetning á myndabanka fyrir stofnanir á Reykjanesi sem verður að hluta opinn og aðgengilegur fyrir aðila og fyrirtæki á sem vinna að því að kynna Reykjanesið fyrir væntanlegum viðskiptavinum og gestum svæðisins.

Á undanförunum árum hefur verið leitað að kerfi sem getur haldið utan um myndabanka sem safnast hefur upp fyrir stofnanir sveitarfélaganna og samstarfsverkefni. Með myndabanka Bynder hefur fundist lausn sem nær utan um þær þarfir sem leitað hefur verið eftir fyrir myndir og myndbönd af svæðinu.

Myndabanki sem þessi er mikilvægur fyrir sveitarfélögin í öllu markaðsstarfi.

HÖFUÐBORGARSVÆÐIÐ

FRUMDRÖG AÐ LOFTSLAGSSTEFNU FYRIR HÖFUÐBORGARSVÆÐIÐ

Eitt af mælanlegum markmiðum sóknaráætlunar höfuðborgarsvæðisins 2020-2024 er að minnka kolefnisspor höfuðborgarsvæðisins. Til að svo geti orðið þarf að mæla núverandi kolefnisfótspor svæðisins. Ráðgjafastofan Environice var ráðin til að sinna verkefninu. Vinna hófst haustið 2020 og lauk byrjun árs 2021. Meginniðurstaða er að samanlagt kolefnisspor svæðisins árið 2019 hafi numið 1.834.732 tonnum koldíoxíðígilda (CO₂íg) og að þar af hafi 1.395.326 tonn (um 76%) verið samfélagslosun, 286.435 tonn (um 16%) losun frá stóriðju og 152.971 tonn (um 8%) losun frá landnotkun.

Mælingin var gerð eftir viðurkenndri, alþjóðlegri aðferð, GHL-leiðarvísi fyrir samfélög (Global Protocol for Community-Scale Greenhouse Gas Emission Inventories (GPC)) sem World Resources Institute gaf út árið 2014 í samvinnu við ICLEI og C40 Cities. Þessi leiðarvísi er notaður fyrir losunarbókhald borga og bæja um allan heim og er hægt að mæla reglulega. Afmörkun mælingar miðast við afmörkun höfuðborgarsvæðisins sbr. svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins.

Skýrslan er aðgengileg hér:

https://www.ssh.is/images/stories/Soknaraaetlun/2020-2024/Kolefnisfotspor/Kolefnisspor_hbsv_Skyrsla_Environice_02_2021.pdf

STYRKTAARSJÓÐURINN SÓLEY FYRIR NÝSKÖPUN OG SJÁLFBÆRNI Í FERÐAÞJÓNUSTU

Sjóðurinn Sóley leggur áherslu á nýsköpunarverkefni í ferðaþjónustu sem eru til þess fallin að auka samkeppnishæfni og stuðla að sjálfbærni og jákvæðum umhverfisáhrifum á höfuðborgarsvæðinu. Hinn 3. mars 2021 fór fram í fyrsta skipti úthlutan styrkja úr sjóðnum. Alls bárust 14 umsóknir um styrki úr sjóðnum en úthlutunarnefnd sjóðsins lagði til að styrkur yrði veittur til fjögurra verkefna.

Eftirtalin verkefni hlutu styrk úr sjóðnum:

Verkefni Expluria ehf., FindMyBus.is, hlaut 1.500.000 kr. í styrk en vefsíðan FindMyBus.is mun veita ferðamönnum rauntímaupplýsingar um staðsetningu þess farartækis sem þeir eiga pantaða ferð með og senda tilkynningu þegar farartækið er í 500 metra fjarlægð.

Verkefni Exploring Iceland ehf., Reykjavík Riding Secrets, hlaut 500.000 kr. í styrk. Um er að ræða skipulagðar hestaferðir um höfuðborgarsvæðið, þar sem sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu eru samþætt í einni ferð. Þá eru íslenskir hestamenn í hesthúsahverfum sóttir heim sem mun einstakt í slíkum ferðum héraendis.

Verkefni Markaðsstofu Kópavogs, Hiking Haven, hlaut 1.500.000 kr. í styrk. Verkefnið fellst í að kynna „Hiking Haven“ sem sameiginlegt útivistarsvæði fyrir íbúa höfuðborgarsvæðisins og ferðamenn.

Verkefni Pink Iceland, Work from Iceland, hlaut 1.500.000 kr. í styrk. Verkefnið gengur út á að aðstoða ferðamenn sem koma hingað til lengri dvalar við umsóknir um langtíma vegabréfsáritanir, finna íbúðarhúsnæði, vinnuaðstöðu, leigu á umhverfisvænum fararskjóta og aðstoða þá við ferðalög innanlands.

Nánari upplýsingar: <https://www.ssh.is/soley>

LOKAORÐ

Markmið sóknaráætlana landshluta er að auka samkeppnishæfni hvers landshluta og þar með landsins alls. Verklag sóknaráætlana styður við aukið lýðræði og kallar á samráð og sameiginlega stefnumörkun sem byggist á þekkingu heimamanna á hverjum stað. Frá upphafi hefur vinnan við sóknaráætlanir verið lærdómsríkt ferli fyrir Stjórnarráðið, sveitarfélögin og samtök þeirra. Stuðningur ríkisstjórna er ómetanlegur og forsenda þessarar jákvæðu þróunar. Mikilvægt er að halda áfram þeirri valdeflingu sem sóknaráætlanir hafa stuðlað að frá upphafi, þ.e. að ábyrgð á framkvæmd þeirra sé heima í héraði en stýrihópurinn sé ráðgefandi stuðningsaðili. Árangur sóknaráætlana hefur í tvígang verið metinn. Í matinu frá árinu 2019 kom fram það álit að framkvæmd sóknaráætlana 2015-2019 hefði tekist vel. Þar með er ekki sagt að ekkert megi fara betur og alltaf má læra af reynslunni.

Árið 2020 voru heildarframlög til samninganna 1.583 m.kr., sem var í hærra lagi vegna hækkunar viðaukasamninga af hálfu ríkisins, sem viðbrögð við Covid 19. Ekki síst var þörf fyrir aukið fjármagn á Suðurnesjum þar sem atvinnuleysi jókst mikið vegna faraldursins.

Landshlutasamtök sveitarfélaga hafa staðið vel undir þeirri ábyrgð sem fylgir umsýslu fjármuna og framkvæmd sóknaráætlanasamninga. Þau hafa sett sér skýrt og skilvirkt verklag við úthlutanir og umsýslu styrkveitinga og ráðstafa heimamenn fjármunum til verkefna sem þeir telja mikilvæg fyrir landshlutana og styðja við markmið sóknaráætlana þeirra. Landshlutasamtökin eru þannig orðin vel í stakk búin til að takast á við aukna ábyrgð og að auknum fjármunum verði varið í sóknaráætlanir.

Nýtt fimm ára tímabil sóknaráætlanasamninga tók við á síðasta ári og gildir árin 2020-2024. Nýir samningar voru unnir í samstarfi samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis, stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál og landshlutasamtaka sveitarfélaga. Við vinnuna voru lög um byggðaaáætlun og sóknaráætlanir og lög um opinber fjármál og síðast en ekki síst reynsla af fyrri samningum höfð til hliðsjónar.

Samstarf stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál og landshlutasamtaka hefur verið gott og gefandi, það hefur aukið aðgengi fulltrúa landshlutanna að sérfræðingum Stjórnarráðsins og aukið þekkingu og skilning þeirra síðarnefndu á byggðamálum. Í framtíðinni verður stefna stjórnvalda vonandi mörkuð með „byggðagleraugin“ á nefinu.

Verkefnisstjóri þakkar starfsmönnum landshlutasamtakanna fyrir þeirra framlag og þolinmæði við vinnu þessarar greinargerðar þar sem flóknar og margþættar upplýsingar þurfa að samræmast og tölur að stemma.

Sigríður K. Þorgrímsdóttir,
verkefnisstjóri sóknaráætlana landshluta,
þróunarsviði Byggðastofnunar

VIÐAUKI 1: LANDSHLUTASAMTÖK SVEITARFÉLAGA

Landshlutasamtök sveitarfélaga eru hagsmunasamtök sveitarfélaga með tilgreind afmörkuð starfssvæði. Starfssvæði þeirra eru jafnframt svæði sóknaráætlana. Öll sveitarfélög á Íslandi eru aðilar að landshlutasamtökunum þó að ekki sé um skylduaðild að ræða. Meginhlutverk allra landshlutasamtaka er að vinna að sameiginlegum hagsmunamálum. Samtökin eru átta talsins og geta samkvæmt sveitarstjórnarlögum ekki verið fleiri. Starfssvæði þeirra eru ólík eins og sést á töflunni hér á eftir. Fjöldi aðildarsveitarfélaga er frá 4 til 15. Fámennasta svæðið hefur rétt rúma 7.000 íbúa en á fjölmennasta svæðinu, sem er höfuðborgarsvæðið, fer íbúum fjölgandi ár frá ári og eru komnir yfir 236 þúsund árið 2021. Starfssvæði landshlutasamtakanna eru ólík að stærð, frá rúmum 800 km² í tæpa 31.000 km². Karlar eru í meiri hluta í öllum landshlutum.

Landshluti	Vesturland	Vestfirðir	Norðurland vestra	Norðurland eystra	Austurland	Suðurland	Suðurnes	Höfuðborg- arsvæðið	Samtals
Flatamál [km ²]	9.529	8.844	13.106	22.686	15.705	30.983	815	1.046	102.714
2020									
Fjöldi sveitarfél.	10	9	7	13	7	15	4	7	72
Heildarfj. íbúa	16.662	7.115	7.322	30.600	10.739	30.833	27.829	233.034	364.134
Fjöldi kvk	7.978	3.395	3.607	15.034	5.090	14.837	12.946	114.306	177.193
Fjöldi kk	8.684	3.720	3.715	15.566	5.649	15.996	14.883	118.728	186.941
2021									
Fjöldi sveitarfél.	10	9	7	13	4	15	4	7	69
Heildarfj. íbúa	16.710	7.108	7.400	30.613	10.850	31.388	28.195	236.528	368.792
Fjöldi kvk	7.995	3.403	3.629	15.092	5.144	15.105	13.133	116.248	179.749
Fjöldi kk	8.715	3.705	3.771	15.521	5.706	16.283	15.062	120.280	189.043

Viðauki 2: Áhersluverkefni árið 2020⁸

Vesturland - 31.000.000 til 7 verkefna							
Heiti verkefnis	Sóknaráætlun	Mótframlag	Samtals	Framkvæmdaaðili	Markmið	Lokaafurð	Tímabil
Nýsköpun og frumkvöðlar	7.000.000	2.000.000	9.000.000	SSV	Efla nýsköpun, skapa betra umhverfi fyrir nýsköpun og frumkvöðla.	Betra umhverfi fyrir nýsköpun og frumkvöðla- fjölgun iðnnema	2020
Matarauður Vesturlands	4.000.000	1.500.000	5.500.000	SSV	Efla matvælaframleiðslu "beint frá býli"	Aukið samstarf framleiðanda, matarhandverks hátíð og stuðningur við matarsmiðju	2020
Fjórða iðnbýltingin og skólar á Vesturlandi	4.000.000		4.000.000	SSV	Grunn- og framhaldsskóla á Vesturlandi geti aðlagð námsframboð að þeim þáttum sem einkenna fjórðu iðnbýltinguna	Breytingar á námskrá skólanna og betri undirbúningur fyrir nemendur fyrir breytingar sem fylgja fjórðu iðnbýltingunni	2021
Efling ferðaþjónustu á Vesturlandi	4.000.000		4.000.000	Vesturlandsst. (Markaðsstofa Vesturlands)	Bæta markaðssetningu og efla ferðaþjónustu í Dalabyggð	Opnun Vestfjarðahringsins, fjöldi einstaklinga í áttahaganámi og myndabanki	2020
Kolefnisspor Vesturlands	4.000.000		4.000.000	SSV	Reikna kolefnisspor Vesturlands og benda á leiðir til úrbóta	Skýrsla um kolefnisspor Vesturlands með tillögum til úrbóta	2020
Bættar samgöngur	4.000.000		4.000.000	SSV	Stuðla að bættum samgöngum á Vesturlandi	Ný samgönguáætlun fyrir Vesturland og skýrsla um ferðir milli vinnustaðar og skóla	2020
Blómstrandi menning á Vesturlandi	4.000.000		4.000.000	SSV	Efla menningarvitund ungs fólks og bæta umgjörð til menningarstarfs	Barnameningarhátíð á Akranesi, ráðstefna um nýtingu menningarhúsa og félagsheimila og endurskoðuð menningarstefna fyrir Vesturland	2020

Vestfirðir - 40.000.000 til 6 verkefna							
Heiti verkefnis	Sóknaráætlun	Mótframlag	Samtals	Framkvæmdaaðili	Markmið	Lokaafurð	Tímabil
Visit Westfjords	5.500.000		5.500.000	Vestfjarðastofa	Efling markaðssetningar gagnvart erlendum ferðamönnum.	Aukinn fjöldi ferðamanna á Vestfjörðum	2020-2022
Samgöngu- og jarðgangnaáætlun Vestfjarða	5.000.000	3.000.000	8.000.000	Vestfjarðastofa	Gerð verði samgönguáætlun fyrir Vestfirði með viðaukum um öryggisúttekt á vegum og jarðgangaáætlun til 2050	Samgönguáætlun Vestfjarða með viðaukum	2020
Stafræn tækni	6.000.000		6.000.000	Vestfjarðastofa	50 fyrirtæki á Vestfjörðum taki þátt í viðburðum og fræðslu, haldnar verði tvær starfamessur, þróun vöru og þjónustu, 2-3 innlend/erlend samstarfsverkefni verði til	Aukin vitund fyrirtækja og stofnana um fjórðu iðnbýltinguna og hagnýting stafrænnar tækni, virkur stafrænn samstarfsamningur	2020-2022
Sýnilegri Vestfirðir	7.500.000	5.800.000	13.300.000	FV og Vestfjarðastofa	Standa að árlegum viðburðum sem auki sýnileika Vestfjarða og miðlun upplýsinga í sama skyni	Birting upplýsinga, upplýsingaveita og tveir stærri viðburðir	2020-2022
Nýsköpunar- og samfélagsmiðstöðvar	10.000.000	2.000.000	12.000.000	Vestfjarðastofa	Sjóður fyrir samfélags- og nýsköpunarmiðstöðvar og uppbygging þeirra á Vestfjörðum	Starfandi samfélags- og nýsköpunarmiðstöðvar á sem flestum þéttbýlisstöðum á Vestfj.	2020-2022
Hringvegur 2	6.000.000	5.400.000	11.400.000	Vestfjarðastofa	Þróun ferðamanna leiðarinnar Hringvegur 2 og markaðssetning	Sýnileg markaðssetning á Vestfjarðaleiðinni	2020-2022

⁸ Tölur um framlag sóknaráætlana til áhersluverkefna ber ekki að öllu leyti saman við niðurstöður í töflum 1 og 2, sem skýrist af því að upphæðir í töflunum í viðaukanum byggjast á áætlun.

Norðurland vestra - 44.600.000 til 10 verkefna							
Heiti verkefnis	Sóknaráætlun	Mótframlag	Samtals	Framkvæmdaraðili	Markmið	Lokaafurð	Tímabil
Verkefnisstjóri iðnaðar	2.476.600	18.266.000	20.742.600	SSNV	Efling fjárfestinga á NV og fjölgun starfa	Skýrsla um árangur og mat á fýsileika	2020-2021
Matvælasvæðið Norðurland vestra	4.500.000		4.500.000	SSNV/ Farskóli NV, Vörusmiðjan Skagaströnd	Stuðla að aukinni fullvinnslu afurða á NV	Fjöldi þátttakenda á námskeiðum og fjöldi býla sem hefur framleiðslu og aukin sala afurða	2020-2021
Nýting glatvarma	3.000.000		3.000.000	SSNV	Greina tækifæri til nýtingar glatvarma	Skýrsla og tillaga um leiðir til nýtingar glatvarma	2020
Aukin nýsköpun í kennslu - FabLab	4.000.000		4.000.000	Hátæknisetur Íslands ses.	Stuðla að aukinni nýsköpun í kennslu	Aukin nýting nemenda á FabLab aðstöðu	2020-2021
Textill á Húnavöllum	3.000.000		3.000.000	Textilmíðstöð Ísl., Húnavatnshreppur	Aukin kunnátta og þekking á meðhöndlun íslenskrar ullar, fjölgun atvinnutækifæra kvenna, efling stafrænnar þekkingar í handverki	Aukin og fjölbreyttari atvinnutækifæri kvenna, aukin nýting hráefnis, kynning á menningararfi	2020-2021
Barnameningaráhátíð	2.000.000		2.000.000	SSNV / verkefnisstjóri	Styrkja og efla barnameningu á NV	Hátíð og samantekt að henni lokinni	2020
Smávirkanir á NV	3.000.000		3.000.000	SSNV / verktafi	Landeigendur fái tækifæri til að nýta landgæði og stuðlað að auknu raforkuöryggi á NV	Niðurstöður athugana sem verða birtar á heimasíðu SSNV	2020-2021
Starfamesa	2.000.000		2.000.000	SSNV / verkefnisstjóri	Kynna ungmennum á NV tækifæri til starfa á svæðinu	Lokaskýrsla	2020
Stafræn borg	1.500.000		1.500.000	Úðaras na Gaelchta á N-Írlandi	Nýta nýjustu upplýsingatækni til markaðssetningar fyrirtækja fjarri mörkuðum	Stafrænt markaðsefni þátttökufyrirtækja	2020-2021
Skrifstofusetur	2.600.000		2.600.000	SSNV /rekstraraðilar	Styðja við stofnun skrifstofusetra á NV	Skrifstofusetur opnuð á svæðinu	2020-2021

Norðurland eystra - 42.300.000 til 6 verkefna							
Heiti verkefnis	Sóknaráætlun	Mótframlag	Samtals	Framkvæmdaraðili	Markmið	Lokaafurð	Tímabil
Akureyrarflugvöllur	7.000.000		7.000.000	Markaðsstofa Norðurlands (MN)	Uppbygging Akureyrarflugvallar. Auka umferð og fjölgja markaðssvæðum, byggja upp áfangastað til framtíðar	Sterka viðskiptasamband við núv. Flugrekstraraðila, viðræður um beint flug frá fleiri áfangastaðum, tímasett og fjármögnuð áætlun um uppbyggingu	2020
Borgarhlutverk Akureyrar	8.300.000		8.300.000	RHA	Móta borgarstefnu fyrir Akureyri, skilgr. svæðisbundið hlutverk staðarins og sem miðstöð þjónustu fyrir Norður- og Austurland	Borgarstefna fyrir Akureyri	2020-2021
EIMUR	7.500.000		7.500.000	Eimur og SSNE	Aukin sjálfbærni samfélaga á NA-landi með fjölbreyttri nýtingu orkuauðlinda	Lykilmeilivarðar einstakra verkefna og markaðssetning	2020-2023
Þróun og ráðgjöf í menningarmálum	12.500.000		12.500.000	SSNE	Norðurland eystra verði leiðandi á sviði menningar, lista og skapandi greina	Starf menningarráðgjafa	2020-2024
Þróun og þekking	3.000.000		3.000.000	Þekkingarnet Þingeyinga	Þróa gerð þekkingarsetra og koma á fót nýju þekkingarsetri á Húsavík	Greining þekkingarsetra, hús þekkingar og atvinnulífs á Húsavík verði til	2020
Nýsköpun í norðri - NÍN	4.000.000		4.000.000	Þingeyjarsveit og Skútustaðahreppur	Auka nýsköpun og vera í fararbroddi í loftslagsmálum	Lokaskýrsla	2020


Austurland - 44.100.000 til 6 verkefna							
Heiti verkefnis	Sóknaráætlun	Mótframlag	Samtals	Framkvæmdaraðili	Markmið	Lokaafurð	Tímabil
Efling atvinnulífs á Austurlandi	6.300.000		6.300.000	Austurbú	Byggja upp heima markað fyrir fyrirtæki í þjónustu og afþreyingu og stuðla að fjölgun starfa	Byggja upp heima markað	2020
Efling Egilsstaðaflugvallar	4.000.000	6.000.000	10.000.000	Austurbú	Efla starfsemi Egilsstaðaflugvallar með opnun gáttar fyrir millilandaflug.	Aukin tengsl íbúa og fyrirtækja við útlönd og höfuðborgarsvæðið	2020
Svæðisskipulag fyrir Austurland	16.000.000	8.000.000	24.000.000	Austurbú	Að vinna skipulagsáætlun sem tekur allra sveitarfélaga á Austurlandi sem landfræðilegar, hagrænnar og félagslegar heild.	Svæðisskipulag fyrir Austurland.	2020
Úrgangsmál Austurlands - stöðutaka	2.000.000	2.000.000	4.000.000	Austurbú	Að fá yfirsýn yfir stöðu landshlutans í úrgangsmálum	Samantekt um stöðu mála	2020
Þróunarverkefni á sviði menningar á Austurlandi	10.000.000		10.000.000	Austurbú	Auka samvinnu við þróun menningar og framkvæmd viðburða	Aukin samvera og tengsl	2020
Þróun þekkingarsamfélags á Austurlandi	5.800.000	0	5.800.000	Austurbú	Efla tengsl og virkja mannaúð fólks af erlendum uppruna	Tengsl, sýnileiki og grunnur að áframhaldandi þróun og rannsóknnum	2020

Suðurland - 54.750.000 til 12 verkefna							
Heiti verkefnis	Sóknaráætlun	Mótframlag	Samtals	Framkvæmdaraðili	Markmið	Lokaafurð	Tímabil
R&D - orkufrek matvælaframleiðsla á Suðurlandi	7.500.000	15.000.000	22.500.000	SASS	Stuðla að aukinni og sjálfbærri matvælaframleiðslu og vinnslu á Suðurl	Fjárhagslega sjálfbært þekkingarsetur	2020-2024
Stuðningur við skapandi greinar á Suðurlandi	2.750.000		2.750.000	SASS	Styðja við og auka vægi og umfang skapandi greina	Stuðningsleiðir fyrir skapandi greinar og samráðsvettvangur	2020-2021
Störf án staðsetningar	2.500.000		2.500.000	SASS	Auka fjölbreytni og fjölgja atvinnutækifærum	Upplýsingagátt	2020
Úthafsfiskeldi við Vestmannaeyjar	6.000.000		6.000.000	Þekkingarsetur Vestmannaeyja	Afla upplýsinga um stöðu og horfur úthafsfiskeldis	Skýrsla og kynningarfundur	2020-2021
Hamingjulestin	1.500.000		1.500.000	SASS	Fræðsla og verkefni sem stuðla að geðheilbrigði	Hamingjuherferð	2020
Menningarverðlaun Suðurl 2020	500.000		500.000	SASS	Auka jákvætt viðhorf íbúa til menningar	Verðlaunahafi menningarverðlauna 2020	2020
Menntahvöt	2.500.000		2.500.000	Háskólafélag Suðurlands	Auka eftirspurn eftir menntun á Suðurl og hækka menntastig	Hækkað menntunarstig, aukinn áhugi á menntun, betri vitneskja um námstækifæri	2020-2021
Matarætkni á Suðurlandi	4.500.000	1.900.000	6.400.000	simenntun á Suðurl.	Efla menntunarstig þeirra sem starfa með matvæli á Suðurl.	15-20 einstaklingar hafi lokið námi í matarætkni	2020-2022
Innleiðing Heimsmarkmiða fyrir sveitarfélög á Suðurlandi	2.000.000		2.000.000	SASS	Aðstoða sveitarfélög við innleiðingu heimsmarkmiða SP	Leiðbeiningarit fyrir sveitarfélög	2020
Stefnumótun í úrgangsmálum á Suðurl. Annar hluti	5.000.000		5.000.000	SASS	Þróun aðgerða- og vöktunaráætlunar	Handbók um úrgangsstjórnun sveitarfél.	2020
Umhverfis Suðurland	10.000.000		10.000.000	SASS	Fræða og miðla upplýsingum um umhverfismál	Bætt umhverfisvitund	2020-2021
Svæðisskipulag Suðurrhálandis	10.000.000	2.000.000	12.000.000	SASS, 12 sveitarfélög	Vinna að gerð svæðisskipulags fyrir Suðurrhálandið, annar hluti	Áfanganiðurstaða/samantekt	2020-2024

Suðurnes - 36.207.000 til 8 verkefna							
Heiti verkefnis	Sóknaráætlun	Mótframlag	Samtals	Framkvæmdaraðili	Markmið	Lokaafurð	Tímabil
Hreinsun strandlengjunnar	1.607.273		1.607.273	Blái herinn	Vinna að hreinsun strandlengjunnar á Reykjanesskaga	Hreinsuð strandlengja	2020
Ímynd Suðurnesja	10.000.000		10.000.000	Heklan	Styrkja ímynd Suðurnesja	Jákvæð ímynd landsmanna um Suðurnes verði 65% og að íbúar hafi úr fleiri menningarviðburðum að velja	2020-2024
Myndabanki fyrir Reykjanesið	2.600.000		2.600.000	Markaðsstofa Reykjanes, SSS	Setja upp aðgengilegan myndabanka og auka sýnileika	Uppsettur og aðgengilegur myndabanki	2020-2022
Sjálfbærni og samvinna sveitarfélaga	3.500.000		3.500.000	Heklan	Sveitarfélögin á Suðurnesjum verði fjárhagslega sjálfbær og móti sameiginlega atvinnustefnu	Heildstæð stefna fyrir Suðurnes	2020-2021
Tindar Reykjanes - okkar Reykjanes	2.500.000		2.500.000	Reykjanes Geopark, Markaðsst. Reykjan.	Kynna svæðið fyrir íbúum, hvetja til útivistar og auka stolt íbúa af svæðinu	Myndefni og póstar frá 13 tindum Reykjanes	2020-2021
Vörubrúun og markaðssetning fyrir skemmtiferðaskip og skiptifarþega á Reykjanesi	3.000.000	2.000.000	5.000.000	Markaðsstofa Reykjanes	Setja saman vöru/ferðir fyrir gesti svæðisins	Vinnustofa um samsetningu ferða og vefsæði hugmynda	2020-2021
Reykjanes UNESCO Global Geopark	10.000.000		10.000.000	Reykjanes UNESCO Geopark	Fylgja eftir endurnýjun vottunar frá UNESCO og auka sýnileika Reykjanes Geopark	Nýjar útgáfur af kynningarrefni, ný og endurbætt kynningarstofa, endurskoðaður forgangslisti	2020-2024
Heilsuefandi samfélag á Suðurnesjum	3.000.000		3.000.000	SSS, sveitarfél. á Suðurn., HSS og Emb. Landlæknis	Stöðugreining og leitað lausna að heilbrigðum lífsháttum, heilsu og vellíðan íbúa	Bætt heilsa og vellíðan	2020

Höfuðborgarsvæðið - 26.000.000 til 6 verkefna							
Heiti verkefnis	Sóknaráætlun	Mótframlag	Samtals	Framkvæmdaraðili	Markmið	Lokaafurð	Tímabil
Frumdrög að loftslagsstefnu hbsv	4.500.000	1.000.000	5.500.000	SSH	Minnka kolefnisspor höfuðborgarsvæðisins	Mæling á kolefnisfótspori, markmið um samdrátt í útblæstri gróðurhúsaloftteg., aðgerðir og árleg mæling	2020-2024
Nýsköpunarverkefni, samstarfsverkefni með ferðaþj. á höfuðb.sv.	9.000.000	1.000.000	10.000.000	SSH	Greina stöðu ferðaþjónustu á höfuðb.sv., auka stuðning við nýsköpun	Skýrsla um stöðu ferðaþjónustu á hbsv., sjóður til að styrkja nýsköpunarverkefni á sviði ferðaþj. og sjálfbærni	2020-2024
Úrgangsmál og meðhöndlun úrgangs	4.500.000	1.000.000	5.500.000	SSH	Sveitarfélögin skoði frekari samræmingu á úrgangsflokkun á hbsv.	Ráðstefna og skýrsla	2020
Höfuðborgarsvæðið sem staðarvalkosturMarkaðssetning höfuðb.sv.	1.000.000		1.000.000	SSH	Vinnsla og miðlun upplýsinga um höfuðb.sv. sem staðarvalkost	Framtíðarvistun verkefnis, heimasíða	2020
Forvarnir á tímum Covid-19	3.500.000	500.000	4.000.000	SSH, félagsmiðstöðvar sveitarfélaganna	Upplýsa og aðstoða ungmenntu á tímum farsóttar	Skýrsla um aðgerðir og ávinning verkefnisins	2020
Stafræn þjónusta	2.500.000	500.000	3.000.000	SSH	Auka vægi stafrænnar stjórnsýslu og hagnýtingar stafrænnar tækni	Skýrsla um stöðu stafrænnar stjórnsýslu	2020

VIÐAUKI 3: LANDSHLUTASKIPTING SÓKNARÁÆTLANA



VIÐAUKI 4: MERKI SÓKNARÁÆTLANA LANDSHLUTA



SÓKNARÁÆTLUN
HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS



SÓKNARÁÆTLUN
SUÐURNESJA



SÓKNARÁÆTLUN
VESTURLANDS



SÓKNARÁÆTLUN
VESTFJARÐA



SÓKNARÁÆTLUN
NORÐURLANDS VESTRA



SÓKNARÁÆTLUN
NORÐURLANDS EYSTRÁ



SÓKNARÁÆTLUN
AUSTURLANDS



SÓKNARÁÆTLUN
SUÐURLANDS